

HALLGRÍMUR HELGASON

RITPING

21. APRÍL 2012



HALLGRÍMUR HELGASON

RITÞING / 21. APRÍL 2012



GERÐUBERG
Menningarmiðstöð

Hallgrímur Helgason

Þann 21. apríl 2012 sat Hallgrímur Helgason fyrir svörum á Ritþingi Gerðubergs. Stjórnandi þingsins var Þorgerður E. Sigurðardóttir og í hlutverki spyrsla voru þau Alda Björk Valdimarsdóttir og Páll Valsson.

Þorgerður:

Komið sæl og blessuð. Ég býð ykkur hjartanlega velkomin á þetta Ritþing sem er tileinkað Hallgrími Helgasyni og verkum hans. Ég heiti Þorgerður Sigurðardóttir og mun vera við stjórnvölinn hér í dag. Mér til halds og trausts eru tveir spyrjar: Alda Björk Valdimarsdóttir bókmenntafræðingur, sem hefur skrifað MA ritgerð um verk Hallgríms og meira að segja gefið út á bók sem heitir *Rithöfundur Íslands*, og Páll Valsson, rithöfundur og ritstjóri. Hann hefur meðal annars ritstýrt verkum Hallgríms þannig að hann þekkir þau mætavel. Og svo er hér að sjálfsögðu Hallgrímur Helgason.

Dagskráin er þannig að við ætlum að vera hér til klukkan fjögur og hér niðri opnar myndlistasýning klukkan fjögur. Þið eruð hjartanlega velkomin þangað og við viljum endilega sjá ykkur þar með okkur á eftir. Um miðbikið, eftir um það bil klukkutíma, tökum við hlé í svona 20 mínútur. Þá vitið þið af því og þá er líka hægt að fara niður og skoða listaverkin. Svo kemur Ragnheiður Gröndal hér á eftir og mun syngja nokkur lög við ljóð Hallgríms.

Þið þekkið eflaust flest vel til verka Hallgríms. Hann fæddist 18. febrúar 1959 og nam við Myndlista- og handíðaskólann og Listakademiuna í München og hefur síðan starfað hér sem rithöfundur og myndlistamaður. Fyrsta skáldsagan hans, *Hella*, kom út árið 1990 og nú eru skáldsögurnar orðnar átta. Sú síðasta, *Konan við 1000°*, kom út núna fyrir jólin. Hann hefur sent frá sér eitt ljóðasafn, *Ljóðmæli 1978 – 1998* og þar eru blaðsíðurnar vel á fjórða hundrað, þétt prentaðar, sem er álitlegur afrakstur á ljóðasviðinu, myndi ég segja. Hallgrímur hefur skrifað leikrit, leikgerðir hafa verið gerðar eftir skáldsögum hans, hann hefur sent frá sér þýðingar og eina barnabók og tvær af skáldsögum hans hafa verið færðar í kvikmyndabúning, þannig að hann hefur komið víða við. Ég taldi saman að bækur hans hafa verið þýddar yfir á 14 tungumál, hvorki meira né minna, að því er ég best fæ séð. Svo ekki sé minnst á allar blaðagreinarnar og útvarpspistlanana þar sem Hallgrímur hefur tjáð sig um samfélagsmál í afskaplega víðum skilningi. Á myndlistasviðinu hefur hann haldið yfir 20 einkasýningar hér og erlendis og tekið þátt í yfir 30 samsýningum. Þannig að þið sjáið að Hallgrímur hefur haft nóg að gera undanfarin ár og það þýðir eiginlega bara eitt; að við munum hafa nóg að gera hér í dag og ég held að það sé ekki seinna vænna að byrja prógrammið. Ég ætla að byrja á að biðja Hallgrím að lesa fyrir okkur ljóð.

Einn í heiminum

Hallgrímur:

Já, ég ætla að lesa hérna tvö óbirt ljóð sem voru ort á undanförunum árum. Fyrst er hérna ljóð, „Undarlegt er lífið“, um yngstu dóttur mína sem ég orti um það bil sem hún var að læra að ganga. Hún er fædd 2005. Mér finnst það einhvern veginn við hæfi þegar maður er á svona Ritþingi að líta til baka og meta líf sitt.

*Undarlegt er lífið,
það lætur þér í té
lítinn ljósan fögnuð
sem leikur þér við hné.*

*Þú stendur einn í stofu,
einn stefnislausan dag,
maður á miðri ævi,
mæddur af bættum hag.*

*Í hillum verk þín vaka,
í vitund þinni allt
sem reynt þú hefur og rýnt í,
ritsafn þúsundfalt.*

*Og sjálfan þig þú þykist
þekkjja út og inn.
Allt sem þú hefur hugsað,
hugur geymir þinn.*

*Og þú stendur einn í stofu,
stundin er lítilsigld,
er syngur í stofuhorni
og sér þig, algjör snilld.*

*Hvaðan kom sú gleði?
Hvaðan spratt það bros
svo bjart að breytir þinni
bestu smíð í tros?*

*Hið unga andlit hefur,
einhver búið til
eða svipinn sæla
sótt í dýran hyl.*

*Þú skilur ekki skáldið
sem skrifar þinn höfuðstaf
og líf þitt, ekki lífið
sem líf þér annað gaf.*

*Undarlegt er lífið,
það lætur þér í té
augljósan undrafögnuð
sem arkar þér við hné.*

Hallgrímur:

Og síðan ætla ég að lesa annað ljóð sem heitir „Hús í þoku“ og það er ort í Hrísey. Ég var einu sinni þar, sumarið 2006, einn með þessari dóttur minni sem ég var að yrkja um áðan. Það háttar þannig til í Hrísey að alltaf í ágúst kemur heil vika, svona þokuvika. Þetta er eitthvað sérnorðlenskt fyrirbæri og ég áttaði mig ekki á því fyrr en ég hafði keypt mér þar hús. Við á Íslandi erum alltaf að vonast til að hitinn fari upp í 20 gráður en ef hann fer upp í 20 gráður þá meikar landið það ekki. Ísland er hálf ömurlegt land, það þolir ekki einu sinni hitabylgju! Því ef það verður hitabylgja á Íslandi, þá kemur þessi íspoka inn firðina fyrir norðan og þá fer allt í rugl í veðurkerfinu og þetta getur verið mjög svekkjandi. Á Akureyri er kannski 25 gráða hiti og svo siglir maður út í Hrísey og þá siglir maður inn í þessa íspoku og þar er hitinn bara 10 gráður á miðju sumri. Og svo heyrir maður alltaf um hitabylgjuna fyrir sunnan og hitabylgjuna þarna en í Hrísey er bara 10 gráða hiti. En það verður ofboðslega þétt þoka og ofsalega sérstök og skemmtileg stemning sem myndast. Þetta er ort þegar ég er þarna einn með dóttur minni og húsið er gjörsamlega umvafið þoku þannig að öll húsin í kring hverfa. Þetta er eins og maður sé algjörlega einn í heiminum.

Þögnin þegir í húsi.

Pokan úti.

Raunir mínar rek ég

að rembingshnúti.

Undir þiljum þagnar

þvottavélin.

Prestir úti á þekju

þerra stélin.

En síðan enginn, ekkert

annað hljóð

en surgið þegar sálin

semur ljóð.

Allt má í skáldskap

Porgerður:

Takk kærlega fyrir þetta, Hallgrímur. Við ætlum ekki að byrja á byrjuninni hérna í dag heldur ætlum við eiginlega að byrja í samtímanum og skella okkur beint í djúpu laugina og ræða um nýjustu bókina þína, *Konuna við 1000°*, og viðtökurnar við henni. Nú hefur það sjálfsagt ekki farið framhjá mörgum að það hefur aðeins verið deilt um þínar fyrirmyndir í þeirri bók. Kannski þú segir okkur aðeins frá þessum viðbrögðum. Áttirðu von á þeim?

Hallgrímur:

Já, en ég hélt að þau yrðu kannski ennþá meiri og var því viðbúinn öllu. Þetta var náttúrlega viðkvæmt svæði sem maður fór út á en ég hafði gert þetta áður. Ég vaknaði upp við vandan draum fyrir útgáfu fyrstu bókarinnar minnar, *Þetta er allt að koma*, þar sem ég hafði notað líf fólks og notað fyrirmyndir á mjög grófan hátt. Ég fékk svakalegan mórál rétt áður en bókin kom út. Ég reyndi að breyta henni en það var ekki hægt og síðan náttúrlega kannaðist fólk við hverjir voru þarna á ferð. Síðan hef ég gert þetta aftur, til dæmis í *Roklandi* þar sem hóteltjórinn í *Roklandi* er byggður á hóteltjóra sem er til í raun og veru. En ég var alltaf að spyrja mig þegar ég var að skrifa þessa bók: Má maður gera svona? Er þetta hægt? Þarf maður að fá leyfi? Þetta er mjög grátt svæði og ég hef ekki enn fundið einhlítt svar við því. Eina svarið er í rauninni að það má allt í skáldskap og eina krafan sem hægt er að gera á bækur er að þær séu sæmilega góðar. Að öðru leyti, þegar þú skrifar skáldsögu, þá á þér að vera svo til allt heimilt.

En það er náttúrlega mismunandi hvaða líf þú tekur, hvaða persónur þú tekur. Manni líður kannski svolítið betur með það ef viðkomandi hefur gefið út ævisögu sína eða ef viðkomandi er opinber persóna, eins og til dæmis forseti Íslands. Þá finnst mér maður vera í fullum rétti, jafnvel þótt maður sé að fjalla svolítið um einkalíf hans. Þá er maður ekki að ráðast á minni máttar, einhvern veginn.

Porgerður:

Og þú ferð ekkert leynt með það heldur, eins og í þessu tilviki. Það er alveg öllum ljóst.

Hallgrímur:

Já, ég var með barnabarn Sveins Björnssonar sem persónu í bók og hún var svona eins og hún var. Ég vissi að það myndu allir sjá hver þetta væri og það væri bara asnalegt að reyna að leynd því. Þess vegna leið mér betur að koma bara hreint fram og segja: Þetta er byggt á ævi þessarar konu og ég neita því ekkert! Ég held að það sé betra og heiðarlegra heldur en hitt.

Þorgerður:

En hvernig líður þér undir þessum kringumstæðum þegar koma upp svona tilfinningaþrungnar umræður, þar sem fólk tekur þetta greinilega nærri sér?

Hallgrímur:

Það eru svona blendnar tilfinningar. Það er alltaf smá samviskubit. Ég fjallaði um þetta í bókinni *Höfundur Íslands*, hvernig það er að vera rithöfundur og misnota, innan gæsalappa, líf annars fólks. Það fylgir því smá samviskubit en krafan er náttúrulega alltaf númer eitt að skrifa góða bók og þá verður samviskan stundum að víkja. En þetta er svona svolítið grátt svæði, sko!

Páll:

Þannig að þegar svona fólk rekur á fjörur þínar eða verður á vegi þínum, þá hugsarðu: Þetta er gott efni, þennan get ég notað í sögu? Eins og margir rithöfundar gera, auðvitað?

Hallgrímur:

Já, maður hefur heyrt það. Ég fór einu sinni á svona hópmiðilsfund þar sem miðillinn var alltaf að kalla eftir Ingibjörgu: Er einhver Ingibjörg hér í salnum? Svo frétti ég skömmu seinna að Ingibjörg hefði verið í salnum en ekki þorað að gefa sig fram af því hún vissi að ég væri í salnum! Hún hugsaði: Hann á eftir að nota þetta í einhverja bók, ég ætla ekkert að vera að gefa mig fram. Það var sonur hennar sem sagði mér frá þessu. Og talandi um miðilsfundi, þá leið mér eiginlega verst eftir þessa nýju bók þegar einhver sjómaður úr Sandgerði hringdi í mig. Síminn hringdi um miðjan dag, ókunnugt númer og einhver maður sagði: Blessaður. Ég vildi bara segja þér að gamla konan sem kom fram á miðilsfundi í Reykjavík um daginn, í síðustu viku, hún er ekki hress. Ég vildi bara að þú vissir það. Bless! Það svona fór aðeins um mig.

Alda Björk:

Mig langaði að taka upp það sem þú sagðir í *Höfundu Íslands*, af því það eru réttarhöld þar, þar sem konurnar í lífi Einars J. Grímssonar eru að rétta yfir honum og kvarta yfir því að hann noti þeirra líf sem efnivið eða hráefni í skáldskap. Myndirðu segja að það mætti skamma þig fyrir sama hlut hérna? Eru það réttarhöld yfir þér? Hvernig voru viðtökurnar á bókinni?

Hallgrímur:

Það var þarna fundur á Súfistanum um daginn, hann var svolítið eins og réttarhöld, svolítið eins og að lenda fyrir Landsdómi! En vissulega, það er gaman að þú skulir nefna þetta. Ég var búinn að gleyma þessu atriði í *Höfundu Íslands* þar sem ég læt konurnar í lífi hans rétta yfir honum og yfirheyra hann og punda á hann fyrir að hafa misnotað sig og sitt líf og ekki sinnt sér. Hann sem sagt tók sínar eigin sögupersónur, sem voru byggðar á þessum konum, fram yfir konurnar í sínu eigin lífi. Mér fannst þetta bara svona áhugavert dæmi, hvernig karlhöfundurinn valtar yfir konurnar í kringum sig og notfærir sér þær í skáldskap og fær svo allt hrósið fyrir það en kann svo ekki að elda eða neitt. Þetta er einhvern veginn svona, þessi karlhöfundartýpa sem er í þessari bók. Mig langaði að fá einhvern balans. Maður skrifar oft um einhvern karakter í bókum sem hefur ákveðin karaktereinkenni og svo lætur maður einhvern annan koma með andstæðuna og bauna á hann, bara til að skapa svona þrívídd í bókina.

Að glíma við tröll

Alda Björk:

En þú gengur ansi nærri aðalpersónunni og lætur hana ganga í gegnum hryllilega atburði eins og nauðganir. Og þú gerir þetta síðan í fleiri sögum. Í *Höfundu Íslands* nauðgar Hrólfur, Ída í *Herra Alheimi* gengur í gegnum svipað ofbeldi og síðan náttúrlega Böddi í *Roklandi*, það er farið illa með hann og hann lætur lífið. Er nauðsynlegt að ganga svona nærri aðalpersónum sínum?

Porgerður:

Réttarhöldin eru hafin!

Hallgrímur:

Já, mér finnst það nauðsynlegt. Þegar ég var búinn að skrifa *Þetta er allt að koma* þá fór ég eiginlega fyrst að taka skáldskapinn alvarlega. Ég var náttúrulega myndlistamaður og þetta var svolítið í hjáverkum. En svo fattaði ég að þetta var að taka mig föstum tókum og þá ákvað ég að pæla svolítið í því hvað það væri við bókmenntir sem gerði þær stórar og miklar. Hvert leyndarmálið væri, ef svo má segja. Þannig að maður lagðist í rannsóknir, fór að lesa bókmenntafræði og í sjálfu sér þá komst maður að því að bókmenntunum mætti skipta í þrennt. Ég man ekki hvaða fræðimaður það var sem sagði þetta en þetta eru náttúrulega alkunn sannindi: Það má skipta þeim í lýrik, epík og dramatík. Það kom mér svolítið á óvart að sjá að dramatíkin var höfð hæst, því það hefur alltaf verið litið dálítið niður á leikhús á Íslandi. Maður ólst upp við að skáldsögurnar væru númer eitt og ljóðin jafnvel líka og að leikhúsið væri númer þrjú eða eitthvað.

En lýrik er til dæmis þegar skáldið verður ástfangið, fer út í náttúruna og verður hrifið af einhverju, sér fiðrildi þarna og langar til að yrkja ljóð. Það er lýrikin. Epíkin, þá tekur skáldið líf einhverrar annarrar manneskju, skrifar um það skáldsögu, rekur líf hennar í smæstu smáatriðum og reynir að gera eitthvað magnað með það. Dramatíkin, þá er þetta orðið svolítið flóknara. Þá ertu með bæði lýrik og epík inni en, eins og Harald Bloom sagði, þá er dramatíkin svo mögnuð vegna þess að á sviðinu hefurðu þrjár, fjórar skáldsögur sem eru að kljást. Þannig að hver og ein persóna í dramatísku stykki kemur með sína eigin epísku frásögn og svo mætir hún annarri og úr þessu verður eitthvað heljarinnar sjónarspil.

Þá fór ég að stúdera þessa klassísku meistara í dramatík og uppgötvaði Shakespeare og fór að stúdera Ibsen og aðeins Grikkina líka, þó ekkert voðalega mikið. Og hvað kom þá í ljós? Í þessum stóru stykkjum eru alltaf einhverjir hörmulegir atburðir. Þú ferð alltaf niður á botninn í sálarsundlauginni hjá einhverjum karakter. Eins og Toxic segir í bókinni minni, *The Hitman's Guide [to Housecleaning]*: „You have MHM“, eða „Most Horrible Moment“. Og í hverri bók er eitthvað

„Most Horrible Moment“, hræðilegasta augnablik lífsins. Því þegar þú ert að segja eitthvað þá verður þú að fara alla leið, alveg inn í hjartarætur, alveg inn í sálina og sársaukann og svo líka inn í gleðina og hafa þetta allt í einu verki.

Og þess vegna er það þannig, til dæmis í *101 Reykjavík*. Hvað fjallar hún um? Mann sem á barn með mömmu sinni! Hvað fjallar *Höfundur Íslands* um? Jú, þar er nauðgun, eins og þú varst að tala um. Í *Roklandi*, þar drepur maður bróður sinn. Í *Tíu ráðum [til að hætta að drepa fólk og byrja að vaska upp]*, þar drepur maður föður sinn. Það eru þarna hryllilegir atburðir sem eru svona kjarninn í hverju verki. Þetta er bara eitthvað sem maður lærir, stúderar og reynir að nota sér.

Alda Björk:

Eru kannski áhrif frá Shakespeare þarna líka?

Hallgrímur:

Já, það var mikil upplifun að uppgötva Shakespeare og í rauninni komst maður á endastöð og hugsaði: Já, loksins, þetta er snilldin ein! Þetta er fullkomleikinn!

Páll:

Já, þú hefur verið svo ófeiminn við þetta. Margir höfundar eru feimnir við að tala um áhrif frá hinum og þessum og það má oft ekki tala um þetta í fræðunum en þetta er ekkert feimnismál fyrir þér. Í *Ljóðmælum*, þar hefurðu Jónas svona undir og yfir, Shakespeare í *101 Reykjavík*, Halldór Laxness í *Höfundi Íslands* og svo framvegis. Þannig að þú ert alltaf að takast á við þessa stóru?

Hallgrímur:

Já, mér fannst ég geta lært af því. Að maður gæti stækkað sjálfan sig með því að glíma við einhver tröll. Ég gerði það til dæmis meðvitað í *101 Reykjavík* þar sem ég lék mér með Hamlet þemað. Hlynur Björn minnst margoft á þetta. Hann reykir Prince sígarettur sem eru framleiddar hjá House of Denmark og segist vera Hamletterman í Hollywood og ég veit ekki hvað og hvað. En samt fattaði enginn gagnrýnandi á Íslandi þetta!

Páll:

Jú, ég man eftir einum!

Hallgrímur:

Já, en þá var ég eiginlega búinn að segja Halla Jóns sem sagði honum þetta. Þannig að þetta lýsti kannski svolítið menntunarstiginu sem var ekki mjög hátt héra! En svo kom bókin út erlendis og þá einhvern veginn föttuðu þetta allir. Skrýtið! En allavega þá gerði ég þetta og svo náttúrulega lék ég mér með *Sjálfstætt fólk* Halldórs Laxness í *Höfund* *Íslands* og í *Roklandi* aðeins með *Grettis sögu*. En svo var ég orðinn þreyttur á að nota einhver módel úr fortíðinni og vildi losa mig við þau og ég er eiginlega hættur því í dag, held ég.

Páll:

En samt, talandi um þessar fyrirmyndir og þínar sögur, allar þær sem hér hafa verið nefndar, til dæmis *Þetta er allt að koma* og *101 Reykjavík*. Það er ein aðalpersóna í þeim öllum, sem dómínerar, sem er svona sjálf sögunnar en samt ef maður hugsar þetta víðar, þá eru þær allar stórar í sniðum. Þetta eru heimssögur, þú ert að lýsa öldinni sem leið, þú ert að lýsa Íslandi, þú ert að lýsa heilu hverfi í Reykjavík, þú ert að lýsa heiminum. Hversu meðvitað er þetta? Er þetta svona einstaklingur sem er notaður sem hluti fyrir heild eða er þetta að sjá hið stóra í hinu smáa? Vegna þess að þú segir kannski frá í fyrstu persónu og það er kannski bara ein persóna en samt breiðir þú þig yfir ansi mikið svið?

Hallgrímur:

Já, ég hef stundum velt þessu fyrir mér. Ég las einu sinni viðtal við Jonathan Franzen. Hann sagði: Aldrei nota fyrstu persónu nema þú sért með mjög góða sögurödd. Í rauninni er betra að vera bara í þriðju persónu, þar hefur þú meira svigrúm. Flestar stærstu skáldsögur sögunnar hafa verið í þriðju persónu. Þar getur þú farið á milli persóna og stækkað átómatískt. Þá ertu ekki alltaf bundinn við eina persónu. En þetta er ekki alveg einhlítt og það hefur alltaf dottið í mig að vera með svona sentral fígúru, af því mér finnst spennandi að verða einhver annar. Að sá sem skrifar bókina sé Herbjörg María, að sá sem skrifar bókina sé Hlynur Björn, að sá sem skrifar bókina sé Böddi. Þú veist, ekki ég. Og þá verður maður einhver annar og þá myndast einhver

nýr still. Til dæmis er *101 Reykjavík* með allt öðruvísi stíl en *Höfundur Íslands* eða *Rokland*. Þannig að þá þarf maður að finna röddina og verða önnur manneskja og mér finnst það heillandi og spennandi. En ég er svolítið að hugsa núna að maður ætti kannski að prófa þriðju persónu frásögn. Ég gerði það reyndar í *Roklandi*. En þó að þú sért í fyrstu persónu, þá ertu alltaf með ákveðið frelsi, og stundum, eins og í nýju bókinni, *Konunni við 1000°*, þá veistu ekki alveg hvort Herbjörg er að segja frá. Þetta eru bara svona minningar. Er hún að ímynda sér þetta þegar hún er að tala um afa sinn á Bessastöðum og pælingar hans að morgni 17. júní? Er það ég sem er að skrifa eða er það Sveinn? Það verður svolítið spennandi þegar þú veist ekki nákvæmlega hver er að segja söguna. Er þetta þriðju persónu frásögn eða fyrstu persónu frásögn?

Páll:

En þetta leiðir oft til þess að þessar sögur eru misskildar, af því að þriðja persóna er hefðbundnari, það er höfundurinn sem heimssmiður. Maður sér það á viðtökunum, þegar maður stúderar þetta, að þetta fer framhá ansi mörgum. Þeir eru bara fastir inni í sjálfinu, fastir inni í fyrstu persónunni. Þeir átta sig ekki á um hvað sagan er í raun og veru og hvað hún er breið. Þeir þrengja söguna, af því þeir átta sig ekki á þessu.

Hallgrímur:

Já, það er punktur!

Söguefnin í samtímanum

Alda Björk:

Þetta eru líka mjög stórar sögur, eins og *Höfundur Íslands* og *Konan við 1000°*, og þær taka á helstu hugmyndastefnum tuttugustu aldar, annars vegar kommúnismanum og hins vegar nasismanum. Og af því þú varst að tala um stílbrögð: Þú hefur ítrekað gagnrýnt helstu liststefnur tuttugustu aldarinnar, eins og til dæmis módernismann. Þannig að maður veltir fyrir sér hvort tuttugasta öldin hafi verið svona ómöguleg að öllu leyti?

Hallgrímur:

Ég man ennþá eftir aldamótunum, hvað ég varð ótrúlega glaður. Það var svo mikill léttir að vera laus við tuttugustu öldina og komast inn í einhvern nýjan tíma, óskrifað blað. Því tuttugasta öldin var náttúrlega mjög svona sterk öld, öld öfganna, eins og hún hefur verið kölluð. Og maður var að fæðast þarna á seinni hlutanum og þá var einhvern veginn allt búið að gerast og allar stefnur komnar fram, maður þurfti bara að velja á milli þeirra. Það var svo erfitt að búa sér til sitt eigið og svo fannst mér listirnar komnar út í öngstræti eins og í módernismanum og abstraktlistinni og til dæmis ljóðlistinni. Þetta var allt orðið svo þurrt og það vantaði allt líf og fjör í þetta. Menn voru komnir út í horn, til dæmis í svona konkret póesíu, sem er nokkuð sem ég hef aldrei þolað. Þá er maður kominn alveg út á ystu brún, bara inn í einhvern klefa. Þetta var orðið svo leiðinlegt og þrúgandi og mér fannst ég þurfa að fara gegn þessu öllu. Ég gaf skít í þetta allt og reyndi hoppa yfir módernismann, fara yfir á nítjándu öldina og fá áhrif þaðan. Það má segja að maður sé að skrifa svolítið hefðbundnar skáldsögur, 19. aldar skáldsögur, þannig sko!

Páll:

Samt ertu búinn að skrifa 500 síðna bók um tuttugustu öldina?

Hallgrímur:

Já, þetta er svona ástar- og haturssamband. Það er ofsalega mikið efni í þessari öld og dramatískir viðburðir. Ég man, þegar maður var að alast upp, þá var þessi kennd alltaf að það væri ekkert í gangi núna, að við værum komin inn í svona fullmótað þjóðfélag, að öllum liði svo vel, að öll dramatíkin væri búin. Það hafa nú margir höfundar svo sem skrifað um þetta, þessa tilfinningu að fæðast þegar allt er búið. Norsku höfundarnir hafa verið að skrifa um þetta, eins og til dæmis Erlend Loe í *Naiv.Super*. Hann talar um þetta, að koma inn í Noreg þar sem er búið að byggja allt upp og hafa tilfinningu fyrir því að hafa ekkert erindi lengur. Þetta var það sem maður upplifði, fæddur '59, að við lifðum ekki á sögulegum tímum, að það væri ekkert sögulegt í gangi. Að maður þurfti að hafa svolítið fyrir því að sjá söguefnin í samtímanum.

Páll:

Þú ert sem sagt ekki á því að tíðindaleyfi sé gott yrkisefni? Það hafa

margir skrifað um það langar bækur og miklar. Og sumar góðar.

Hallgrímur:

Ég hef verið spurður að því af hverju persónurnar mínar eru alltaf svona „skringifólk“. Af hverju skrifaðu aldrei um svona venjulegt fólk? Það er kannski hefðin frá Íslendingasögunum, þær eru allar um furðulega karaktera, fjöldamorðingja og svona! En samt sem áður, maður spyr sig, ef maður vill til dæmis skrifa um gamla konu sem býr í bílskúr: Hvort er meira spennandi að hún sé með handsprengju í bílskúrnum eða bara einhvern innkaupapoka? Það er auðvitað meira spennandi að skrifa um handsprengjukonuna. En ég á mér í rauninni leyndan draum að skrifa um fyrirmyndarfjölskyldu sem býr bara í Garðabæ og fer til Spánar á sumrin og pantar tannlæknatíma og fer í fermingarveislur og hafa svona langan kafla þar sem þau eru að pakka í bílinn til að fara upp í bústað. Ég á mér þennan draum, sko. Einhvern tímann kemur kannski að því!

Þorgerður:

Við vorum aðeins að tala um viðtökurnar áðan, við *Konunni við 1000°*. Og ef við tölum líka um *Höfund Íslands* og berum þær aðeins saman: Þú hefur fengið mikil viðbrögð við þínum bókum. Viðbrögðin voru kannski mest við *Höfundi Íslands*, þar sem Laxness er fyrirmyndin? Menn fóru dálítið að eigna sér þína sýn á hann, eða hvað?

Hallgrímur:

Já, það var svolítið svona „succès de scandale“ eins og Frakkar myndu segja. Sjálfstæðisflokknum leist mjög vel á þá bók: Loksins er komin bókin okkar, loksins talar einhver illa um kommúnismann! Og þeir tóku hana alveg að hjarta sér og Hannes Hólmsteinn skrifaði heilsíðugrein í Moggann og fyrir vikið opnaðist nýr markaður! Allir sjálfstæðismenn fóru út og keyptu bókina og ég hef aldrei selt svona mikið af einni bók fyrr eða síðar, átta þúsund eintök. En ég hef aldrei náð þessu aftur, af því þeir voru svo fljótir að loka á mig aftur. Og þetta var náttúrulega svolítið sorglegt að öll umræðan skyldi snúast um kommúnisma en það var kannski bara vegna þess að við vorum ekki búin að taka þann debatt á Íslandi. Kommúnisminn féll '89, síðan var bara svona „hush, hush“ og ekki mikið fjallað um hann. Og menn sögðu: Jú, ég var einu sinni kommúnisti og jú, ég var við nám í Austur-Þýskalandi, en við

gleymum því bara. Það var aldrei nein hreinskilin umræða eða uppgjör við þessa fortíð. En hún blossaði öll upp í kringum þessa bók. Af því ég lét höfundinn í *Höfund* Íslands vera stalinista. Hann er dauður í bókinni og endurmetur líf sitt og sér kannski svolítið eftir þessu og þessu. Og er með samviskubit. Kannski var vitlaust hjá mér að gera þetta. Og ég notaði kafla úr lífi Laxness þegar hann sá konu vinar síns vera tekna af KGB og færða í burtu. Þetta var auðvitað mjög dramatískt líf. Umræðan á Íslandi var öll um þetta en svo hefur bókinn komið út erlendis og þar hefur umræðan ekkert verið um þetta.

Þorgerður:

Það er náttúrlega mjög sérstakt hvernig þú hugsar bókina. Höfundurinn er persóna sem fer inn í sína eigin skáldsögu og allt það. Það var svo lítið rætt um þetta þegar bókinn kom út en það gerir hana kannski merkilega sem skáldsögu að mörgu leyti.

Hallgrímur:

Já, ég var ofsalega ánægður með þessa hugmynd að skáldsögu. Að það væri höfundur sem væri dáiinn og lifði eftirlífinu í eigin verki. Mér fannst þetta alveg mögnuð hugmynd og mér finnst það ennþá. Og mér finnst þetta kannski metnaðarfullsta bókinn mín af því að hún er svona marglaga og margræð. Ég þurfti í rauninni að skrifa þrjár bækur: Ég þurfti að skrifa ævisögu höfundarins. Ég þurfti að skrifa skáldsöguna, sem hann hafði skrifað 50 árum áður, þannig að þar þurfti ég að breyta stílnum mínum í einhvern svona lýrískan pastoral stíl, svona sveitaskáldsögustíl. Og svo þurfti ég líka að skrifa skáldsögu um höfundinn, fastan í sinni eigin skáldsögu. Þannig að þetta eru eiginlega þrjár bækur í einni og þetta var mjög flókið og erfitt verk. Og svo náttúrlega að hluta til byggði ég þetta á Halldóri Laxness, en samt ekki, því ég vildi líka vera svolítið laus frá honum. Mér fannst það svolítið þvingandi og þrúgandi að hann væri aðalpersónan og ég held að maður geti sagt að aðalpersónan sé í rauninni ekki bara hann. Ég byggði þetta líka á afa mínum sem var alltaf svona „grumpy old man“ og Sigfúsi Daðasyni sem var tengdafaðir minn um skeið og sagði alltaf: „Ach so!“ Og ég tók þann frasa frá honum. Alls konar áhrif sem komu héðan og þaðan. Og svo líka frá sjálfum mér, hvernig það var að vera rithöfundur og vera með samviskubit gagnvart fólki úti í bæ af því ég hafði misnotað líf þeirra í skáldsögu. Eða hvernig það er að skrifa.

Að taka einhvern strák sem maður sér á götu í París og breyta honum í einhvern sveitadreg. Bara svona hvernig skáldskapurinn virkar. Þetta er svona bók um skáldskap og sannleika.

Alda Björk:

Og þá líka um aðferðafræði höfundarins, hvernig hann vinnur?

Hallgrímur:

Já, en þetta var líka slagur við Halldór Laxness, ég verð að viðurkenna það. Af því ég var svo mikill aðdáandi hans þegar ég var ungur maður. Ég las allar bækurnar sem hann hafði skrifað, las allt um hann, las öll sendibréfin og var gjörsamlega heillaður af þessu. Það var svolítill svona minnimáttarkennd sem fylgdi því. Jú, þú ert tvítugur, þú býrð ennþá heima hjá mömmu og pabba, þú ert ekki farinn út til Köben að skrifa í dönsku blöðin, það var alltaf þetta. Hann var svo mikill snillingur að hann var alltaf einhvern veginn svolítið þrúgandi en um leið voru það forréttindi að fá að kynnast svona heimshöfundi á sínu eigin tungumáli. Hann er einhvern veginn endalaus uppspretta í inspírasjón og aðdáun. Þannig að þessi bók er svona hylling til hans líka og ég lærði ofsa mikið af þeirri glímu þannig að minn stíll opnaðist. Ég þorði að vera meira svona sentimental og fara inn á lýrskari brautir og klassískari stíl. Þannig að sú bók var mjög mikill áfangi, held ég.

Páll:

Og nefnandi Halldór Laxness sem einkenndist af þversögnum og var alltaf að sundra þjóðinni með alls konar: Hann skrifaði *Íslandsklukkuna* og þjóðin sameinaðist um hann og svo skrifaði hann *Atómstöðina* og allt varð vitlaust. Þú ferð kannski svolítið inn á sömu braut með *Höfundu Íslands*. Bókin er um hann; Sjálfstæðisflokkurinn tekur þig í fangið og hyllir þig og átta þúsund eintök og allt þetta en svo kemur Bláa höndin og allt fer til helvítis!

Hallgrímur:

Já, ég man alltaf eftir þessu. Það var á gamlárskvöld, árið sem bókin kom út, 2001. Sjálfstæðisflokkurinn var búinn að taka þessa bók í fangið og láta hana svæfa sig á hverju kvöldi og svo kom Davíð Oddsson og flutti áramótaávarpið og þá minntist hann á bókina og var voða hrifinn og svona. Það var náttúrlega dálítið erfitt fyrir höfund

að lenda í því, að vera kominn einhvern veginn innundir hjá valdinu. En sem betur fer hafði ég skrifað áramótaskaupið þarna þannig að ég var bara í náðinni í tvo tíma! Svo skrifaði ég um þessa Bláu hönd einu ári seinna.

Páll:

Og þá varstu tekinn á teppið?

Hallgrímur:

Já!

Páll:

Viltu tjá þig eitthvað um það? Svo maður tali eins og Jónas Jónasson.

Hallgrímur:

Já, það er náttúrulega svolítið sérstök saga á bak við það allt. Ég var svolítið hrifinn af Jóni Ásgeiri á þessum tíma. Bónus kom þarna fram og Baugur og þetta kom svona hresst inn í staðnað andrúmsloft. Og Ísland var þarna í greipum Kolkrabbans, þetta voru svona gamlir kallar í jakkafötum sem stjórnðu Íslandi. Þeir áttu sitt blað, Morgunblaðið, og þeir áttu sinn flokk og þeir áttu sín fyrirtæki og allt var svona stabílt. En svo kom þessi maður utan af kantinum og ruglaði öllu og mér fannst náttúrulega ótrúlegt að honum skyldi takast að stofna Fréttablaðið. Það var einhvern veginn það sem heillaði mann mest. Að það kæmi blað sem var stærra en Mogginn af því ég ólst upp við að hata Moggann og geri reyndar enn, sem aldrei fyrr. Mogginn var svona musteri sem tveir æðstuprestar réðu og menn þurftu að skríða inn í þetta musteri ef þeir ætluðu að verða eitthvað á Íslandi. Þetta var ópolandi ástand og ópolandi að fylgjast með þessu. Þeir voru með einhvers konar goggunarröð eða kerfi: Matthías Johannessen var ljóðskáldið, Gísli Sigurðsson var myndlistarmaðurinn, Friðrik Þór var kvikmyndagerðarmaðurinn og það var allt í svona föstum skorðum og það mátti ekkert rugga því kerfi. Þannig að maður heillaðist svolítið af þessum mönnum sem komu þarna inn og breyttu þessu og svo sá maður hvernig flokkurinn lagðist á þá eins og þeir hafa alltaf gert. Við þekkjum öll sögu Loftleiða, hvernig þeir voru að kljást við Flugfélag Íslands. Guðni í Sunnu og einstaka „maverick“ voru að reyna að berjast gegn þessu kerfi og komast inn í þennan bransa sem var alveg

lokaður, innmúraður og innvígður. Svo komu þeir þarna Baugsmenn og þá brást flokkurinn við með því að leggjast á þá og senda lögguna á þá og þetta var bara dálítið gróft. Mér fannst við svolítið ná Davíð Oddssyni í þessu Baugsmáli. Og þá skrifaði ég þessa grein um að þetta væri greinilega flokkurinn að hefna sín og svona. Svo varð eftirleikurinn svolítið öðruvísi en maður hélt: Jón Ásgeir og félagar, maður sá þá bara hverfa upp í himininn í einhverjum einkaþotum og þeir misstu algjörlega fótanna í græðgi og vitleysu og á endanum urðu þeir miklu verri heldur en gömlu góðu Kolkrabbamennirnir. Þannig að maður fékk fyrir vikið þennan Baugspennastimpil. Ég skrifaði grein til að tækla það mál fyrir tveimur árum sem birtist í *Tímariti Máls og menningar* og heitir „Draugur Group“. Það var grein sem tók á þessu, hvernig það var að lenda í þessari lúppu.

Páll:

Þú hefur þá gert upp hrúnið, einn fárra manna.

Hallgrímur:

Svo var eiginlega fyndnast við þetta að ég var líka tekinn á teppið hjá Jóni Ásgeiri. Næsta áramótaskaup var einhvers konar sápuópera um The Viking bátinn. Ég skrifaði það líka. Það fór eitthvað illa með þá féлага og hann varð svona rosalega sár og tók mig á teppið. Ég man alltaf eftir því þegar hann sagði þessa setningu: Við eigum allir móður, Hallgrímur, og mamma var bara mjög sár yfir þessu! Þannig að maður er búinn að vera í þessu í mörg ár, að hrella fólk.

Páll:

Rithöfundurinn og pólitísk þátttaka, - hefur þú aldrei hugsað: Er ekki best að ég haldi kjafti og skrifi ekkert um þetta? Tengist þetta því hvernig þú lítur á rithöfundinn sem þátttakanda í þjóðlífinu?

Hallgrímur:

Ég verð að viðurkenna að ég hugsa alltaf svolítið strategískt þegar ég er að gefa út bók. Ég hugsa: Kannski er best að hvíla sig aðeins núna, kannski Sjálfstæðisflokkurinn geti þá hugsanlega gleymt þessu. Kannski geta þeir keypt þessa bók ef ég er ekki brjáláður að punda á þá! Þannig að ég beið með þessa grein um Bjarna Ben þangað til eftir áramótin! En ég hef tekið eftir því að ég er að minnka þessa pólitísku

pistla og skrif einfaldlega vegna þess að fyrir hrun þá þorði enginn að tjá sig og þá fannst mér að manni bæri skylda til að tjá sig. Allir voru svo hræddir, enginn þorði að impra á neinu gegn stjórnvöldum því þá var líf þeirra í rauninni búið, allir möguleikar á frama á Íslandi voru búnir. Menn höfðu þessu völd og þeir notuðu þessi völd og allir voru bara lafhræddir. En í dag, eftir hrun, hefur fólk engu að tapa. Við erum líka með allt öðruvísi stjórn núna. Fólki leyfist að segja hvað sem er um stjórnvöld án þess að eiga á hættu að lenda illa í því. Og svo er fólk líka mjög reitt og það hefur líka bara orðið einhver sprenging í tjáningu. Núna eru þúsund bloggarar á Íslandi og allir á Facebook og þetta er endalaus tjáning og maður hefur bara einhvern veginn tilhneigingu til að slaka á.

Alda Björk:

Þú hefur verið tengdur við útrásina og það hefur verið svolítið skrýtið hvernig það hefur verið gert. Þú hefur verið kallaður leigupenni Baugs, kórstjóri útrásarinnar og klappstýra útrásarinnar. Og þetta UNICEF málverk, þetta var í raun umræða í svona skotgröfum, hægri- og vinstrisinnuð umræða. Þetta var notað af andstæðingum þínum, þetta málverk sem var málað fyrir góðgerðarstarfsemi en var notað gegn þér, eins og þú hefðir verið að taka við peningum frá útrásarvíkingum fyrir þessu.

Hallgrímur:

Já, mér fannst það kannski erfiðast að fólk hélt að ég hefði fengið 20 milljónir fyrir málverkið þegar ég fékk ekki neitt fyrir það en þurfti að mála geðveika mynd sem var 20 milljóna króna virði. Það tók alveg þrjá mánuði og maður vandaði sig alveg rosalega mikið. Og það var í rauninni dálítið skemmtileg reynsla. Það var eins og að vera listamaður í endurreisninni þar sem kemur fursti og segir: Gerðu mynd af páfanum og hafðu hana flotta, ég á nóg af peningum. Samband peninga og listar er svolítið spes. Fyrir vikið varð maður að gera eitthvað æðislega flott af því að peningurinn var svo mikill. Þetta var undarleg reynsla.

Alda Björk:

Og þú fékkst ekki neitt fyrir það?

Hallgrímur:

Nei, ég hef aldrei fengið neina peninga fyrir það og fékk heldur aldrei

neina peninga frá Baugi. Og mér sárnar það, satt að segja. Það hefur næstum því hvarflað að mér að gera kröfu í þrotabúið! Mér finnst ég eiga heimtingu á einhverjum peningum fyrst öll þessi umræða er búin að snúast um þetta.

Páll:

Það er líka dálítið harkalegt að vera kallaður leigupenni Baugs þegar þú ert búinn að skrifa bók eins og *Rokland* sem er mjög beinskeytt gagnrýni á efnishyggjuna og þjóðfélagið. Það má reyndar sjá sömu gagnrýni í öðrum verkum þínum líka. *Tíu ráð til að hætta* er til dæmis mjög fín ádeila á þetta velmegunarsamfélag, efnishyggjuna sem hér reið húsum. Og maður veltir fyrir sér með *Rokland*: Má kannski sjá þar einhvers konar undanfara hrunsins? Þú ert búinn að segja þetta allt saman, þetta liggur allt þarna í bókinni þó að það hafi einhvern veginn aldrei verið skrifað um það þannig.

Hallgrímur:

Ég var alla vega feginn að hafa skrifað bókina fyrir hrún. En Böddi fæddist reyndar árið 2001.

Páll:

Já, kemur hann ekki fyrir þarna einhvers staðar, hann Böðvar Steingrímsson?

Alda Björk:

Jú, ég rakst á hann þarna í *Höfund* Íslands. Ég var að fletta í gegnum bókina og þar var Einar að tala um að taka sér far yfir í næstu bók og hitta Bödda Steingríms svo ég fór að hugsa: Já, hann hefur greinlega verið í smíðum þarna mörgum árum fyrr.

Heimspekingar og spámenn

Hallgrímur:

Já, þetta var mjög skemmtilegt. Ég var sem sagt í Hrísey að skrifa *Höfund Íslands* og svo kom 17. júní og þá komu krakkar úr Reykjavík.

Einn af þeim var Björn Ingi, leikari í Reykjavík, sem á fjölskyldu á Dalvík. Þeir buðu mér með sér í ferð inn á Dalvík og hann sýndi mér allt plássíð. Og hann var dálítið flottur svona á heimavelli og svo sveiflaði hann sér þarna út úr bílnum rétt fyrir utan Dalvík og pissaði utan í túnfót. Hann var eitthvað svo flottur svona landsbyggðarkall með fullt sjálfstraust. Þá kviknaði þessi týpa, Böddi, sem ég færði síðan yfir á Sauðárkrók og gerði svona ansi ólíkan Birni Inga.

Páll:

Já, hann er eiginlega líkari Gretti en Birni Inga!

Hallgrímur:

Ég tók svona drætti frá öðrum karakterum. En þá var allavega persónan fædd og það var árið 2001 og síðan beið ég með að skrifa. Það hefur oft gerst hjá mér að karakterarnir fæðast fyrr og svo bíða þeir, þetta er svona meðganga. Og svo hugsar maður um þá og svo þróast þeir og svo springa þeir út í bók. Ég var mjög ánægður að skapa þennan karakter einmitt í miðju góðærinu, að fá mann sem fór gegn því og úthúðaði öllu þessu velmegunarstandi sem var hérna á Íslandi og var brjálaður gegn því. Svona spámaður í heita pottinum! Í æðislega kósí og góðu þjóðfélagi en samt með allt á hornum sér. Af hverju var hann svona reiður? Ég tók minn eigin perring sem ég var með í blaðagreinunum og alla þessa krítík sem ég var með og keyrði voljúmið í botn og þá var ég kominn með Bödda! Og hann var svo reiður að hann varð næstum því kómískur. Ég var alltaf að reyna að finna þetta einstigi, að láta hann ekki verða hlægilegan en svona soldið samt. Hann getur ekki fúnkerað með fólki, hann getur ekki umgengst aðra, hann getur ekki verið í sambandi því hann gerir aldrei neinar málamiðlanir. Hann bara keyrir alltaf út á ystu nöf. En svona karakter er náttúrulega svolítið tragískur í eðli sínu.

Páll:

Hann er galinn en hann hefur samt rétt fyrir sér.

Hallgrímur:

Já, það var gaman að heyra það. Íslendingar elska að láta berja á sér og láta gagnrýna sig. Viðbrögðin við þeirri bók voru svolítið svona: Já, hann hefur rétt fyrir sér, þetta er ekki nógu gott hjá okkur.

Páll:

Það er kannski tímanna tákn að það hafi ekkert mikið verið skrifað um þessa pólitísku og efnislegu gagnrýni. Það féll pínulítið í skuggann, eðlilega kannski.

Hallgrímur:

Það hefur verið meira fjallað um þessa bók erlendis í tengslum við hrunið og það sem hefur kannski komið mér mest á óvart er hversu rækilega hún hitti í mark í Danmörku. Hún sló eiginlega meira í gegn þar heldur en hér. Það er eiginlega mesta velgengni sem bók hjá mér hefur fengið erlendis, *Stormland*, í Danmörku. Ég velti fyrir mér af hverju það er, kannski elska Danir að talað sé illa um Íslendinga!

Páll:

Þeir hafa löngum hatað okkur!

Alda Björk:

Eins og þú segir, hann er svona jaðarfigúra. En til dæmis Hlynur Björn og Herbjörg María, sem býr í bílskúr, þetta eru svona jaðarfigúrir sem segja okkur eitthvað um samfélagið. Þetta eru, eins og þú segir, heimspekingar líka og þetta eru spámenn sem eru kannski að grafa undan þeim gildum sem samfélagið byggir á. En heldurðu kannski að lesendur taki þessar persónur sem stórskrýtna fugla sem þeir hlæja bara að?

Hallgrímur:

Ég vona ekki. En ég velti því samt fyrir mér af hverju þetta eru mínar persónur. Ég var að tala um þetta við konuna mína í gær og hún sagði: Þetta eru algjörar andstæður við þig því þetta eru svona óaktívar manneskjur. Þær eru á kanti samfélagsins því þær eru eiginlega allar atvinnulausar. Böddi er atvinnulaus, Hlynur Björn líka og Herbjörg María. Það má líka segja að þau séu ekki mjög íslenskar persónur því hér er eiginlega ekkert atvinnuleysi og engin hefð fyrir atvinnuleysi.

Páll:

Samt eru þær kallaðar málpípur þínar!

Hallgrímur:

Ég held að maður verði alltaf að losa sig svolítið við sjálfan sig þegar

maður skrifar. Maður verður svolítið að breytast í einhverja aðra persónu.

Alda Björk:

Ég var einmitt að velta því fyrir mér, af því að þetta eru andstæður, einmitt eins og þú segir. Þú ert allt önnur persóna í pistlaskrifum og greinaskrifum þar sem þú ert nútímalegur og í rauninni fylgjandi neyslumeningu og mjög opinn gagnvart bandarískum áhrifum og sambúð markaðs og listar og svoleiðis. Síðan kemur annað viðhorf fram í skáldsögunum, *Þetta er allt að koma, 101 Reykjavík* og *Roklandi*. Þessar sögur eru í rauninni andkapítalískar og grafa undan efnishyggjunni. Þannig að það er greinilegur munur á pistlahöfundinum Hallgrími og þeim viðhorfum sem koma fram í skáldsögunum þínum?

Hallgrímur:

Já, maður getur svolítið losað sig við sínar eigin skoðanir þegar maður fer að skrifa um aðrar persónur sem eru kannski með allt aðrar skoðanir. Herbjörg María er til dæmis frekar hægrisinnuð manneskja og ég þurfti einhvern veginn að breyta mér í hana og talaði til dæmis um Jóhönnu Sigurðardóttur sem kommúnista. Maður verður svolítið að gleyma sjálfum sér. En ég held að þessar pistlaskoðanir, sem þú ert að lýsa, séu svolítið eins og ég var á síðustu öld. Sem ungur maður vildi ég breyta þessu staðnaða systemi sem mér fannst vera hér, til dæmis í umræðu um menningu og listir, þar sem allt var svo hátíðlegt. Lágmenning átti ekki uppi á pallborðið en þegar maður lítur til baka þá sér maður að þróunin hefur orðið í þessa átt. Núna er maður kannski með samviskubit því það er orðið svo mikið um enskuslettur, mikið meira í dag heldur en var. Þannig að maður var kannski of mikið að hrópa eftir meiri erlendum áhrifum, meiri lágmenningu og eitthvað svona. Í dag er þetta orðið meira viðtekið og hámenningin hefur svolítið látið undan síga og er komin út í horn í íslensku samfélagi og er næstum horfin, finnst manni. Núna er hún kannski bara til á sinfóniútónleikum.

Páll:

Ertu ekki bara orðinn eldri og ráðsettari og vilt ekki rugga bátnum?

Hallgrímur:

Jú, svo er það líka. Hef áhyggjur af ungu kynslóðinni og svona!

Porgerður:

Það er eiginlega komið að þeim tímapunkti í prógramminu að við ætlum að hlusta á tónlist og spurning hvort við getum hnippt í Ragnheiði Gröndal?

Hallgrímur:

Ég get bara tekið lagið fyrst, á meðan!

Ragnheiður:

Ég ætla að flytja fyrir ykkur tvö lög þar sem Hallgrímur á báða textana. Það fyrra heitir „Ítem“ og er á plötunni *Vetrarljós* sem kom út árið 2004. Þetta er mjög skemmtilegt ljóð, ég hef sungið þetta til dæmis við brúðkaup. Það hljómar eins og ástarljóð en þetta er, skilst mér, um samband skálds við tölvuna sína! Er það ekki? Eða er það túlkunaratriði kannski?

Hallgrímur:

Nei, ég held það sé meira svona ástarljóð ... til tölvunnar! Nei, ég veit það ekki!

Ragnheiður:

Og það eru slettur í því líka!

*Sælt er sófagaman.
Við sitjum bæði
eins og ofin saman
einum þræði.*

*Bráðnað ljós á borði
og besta nefið
sem hæfir einu orði
og er mér gefið.*

*Nú skulum við ríma,
saman í nótt,
vaka og vera eitt
ítem.*

Ó, mitt kæra ítem
og undraseyði,
lífs míns milda módem
og morgungreiði.

Grætur á rúðugleri
grimmur bylur.
Vorið í sængurveri
vísu þylur.

Nú skulum við ríma,
saman í nótt,
vaka og vera eitt
ítem.

Ragnheiður:

Næsta lag er ástarlag en fjallar um það þegar ástin er farin og horfin. Þetta lag er líka smá um Reykjavík, svolítið flott mynd sem er dregin upp af Reykjavík í þessu lagi, „Sólon Íslandus“.

Ef ég hefði aldrei séð þig áður
og ef ég hefði komið núna inn.
Þá hefði jörðin gengið nokkrar gráður,
guði nær í bláan himininn.

En Reykjavík er eins og ævintýri
sem öll við kunnum misvel utan að.
Hún endar sífellt út í sömu mýri
og allt sem gerist hefur átt sér stað.

Lengi voru vonum mínum kærir
vangar þínir en eru fingrum nú.
Lífið manni úr fjarlægðinni færir
fjöllin sjö og eitt af þeim ert þú.

*Pú situr dökkhærð sól með kaffibolla
með svip sem forðum yfir löndum réð.
Ég nálgast borðið eins og æðarkolla
sem aldrei hefur áður blíka séð.*

*Í kaffið svart þú setur hvítan dropa
og sykri laumar út í lífið mitt.
Af ástinni ég náði einum sopa
áður en það kólnaði brosið þitt.*

*Lengi voru vonum mínum kærir
vangar þínir en eru fingrum nú.
Lífið manni úr fjarlægðinni færir
fjöllin sjö og eitt af þeim ert þú.*

Porgerður:

Við þökkum Ragnheiði kærlega fyrir þetta og þá ætlum við að taka okkur hlé í 20 mínútur eða svo. Og ég hvet ykkur endilega til að kíkja á myndlistasýninguna á hæðinni fyrir neðan í hléinu.

HLÉ

Porgerður:

Við ætlum í rauninni að byrja eins og við enduðum áðan því Ragnheiður Gröndal ætlar að flytja okkur tvö lög í viðbót.

Ragnheiður:

Já, ég ætla að flytja eitt nýtt lag eftir Guðmund Pétursson og þetta er ljóð eftir Hallgrím sem heitir „Feðgin“.

*Fríðsæl eru feðgin undir sólinni
og fá sér lítinn utandagskrár blund.
Hér liggjum við með líf okkar á jörðinni
og látum þessa stund
líða burt með þráhyggjum og þrefi.*

Úr höfði dauðar detta mér nú ídeur,
delluþrár og innansálarhrín
og burtu frá mér allar lífsins íkeur
því unaðsstúlkan mín
elskar mig með sínu sigurnefi.

Og þá er komið að laginu „Landgangur“. Textinn er eftir Hallgrím og lagið gerði ég fyrir plötuna *Vetrarljóð*, árið 2004.

Nú ertu farinn óraveg
í annað land og hjarta.
Nú talar þú annað tungumál.
Týnt er hárið bjarta.

Nú horfi ég ein á hendur tvær
Horfið er allt mitt gaman.
Tungan mín og tungan þín
tvinnast þær aftur saman?

Yfir þér er himinn hár.
Hér er þykkur tregi.
Ástin mín og ástin þín
er hún á batavegi?
Nú ertu farinn óraveg
í annað land og hjarta.
Nú talar þú annað tungumál.
Týnt er hárið bjarta.

Allt er nú skítt og skroppið í smátt.
Nú skortir mig ást og hlýju.
Lífið mitt og lífið þitt
lífnað það við að nýju?

Yfir þér er himinn hár.
Hér er þykkur tregi.
Ástin mín og ástin þín
er hún á batavegi?

Að fínstillla skellinöðruna

Porgerður:

Við þökkum Ragnheiði Gröndal kærlega fyrir skemmtunina. Nú í seinni hlutanum ætlum við að snúa okkur aðeins að öðru. Hallgrímur, þú skrifar dálítið langar bækur og það gengur víst ekkert alltaf voðalega vel hjá Páli, sem hefur ritstýrt þér, að fá þig til að stytta þegar hann hefur sýnt því áhuga. Þessi lengd felst ekki síst í því að þú ert með þennan krökka, margorða stíl sem hefur fengið alls konar viðbrögð, ekki satt? Hefurðu ekki orðið var við það?

Hallgrímur:

Jú, sérstaklega í byrjun. Þetta var mikið vandamál þegar ég skrifaði *Þetta er allt að koma*. Ég kom með handritið inn í Mál & Menningu, - Halldór man örugglega eftir því. Það var, held ég, 800 blaðsíðna langt og menn supu alveg hveljur og ég man að Halldór sagði: Þetta er fint hjá þér en bara alltof mörg orð! En það var huggun harmi gegn að ég hafði séð *Amadeus* nokkrum árum áður og það hafði líka verið sagt við Mozart: „Too many notes!“ Þannig að þetta braut mig ekki alveg niður. En ég fór aftur og endurskrifaði bókina en sú bók var dálítið upphafið hjá mér að ritferlinum. Maður var svona eins og strákur að læra á skellinöðru, annað hvort gerðist ekkert eða bara vúmmm, - allt fór í gang og maður sat með 30 blaðsíður eftir daginn! Alveg ofboðslegur kraftur og maður gat skrifað út í eitt. Ég man að ég skrifaði *Þetta er allt að koma* í íbúðinni minni í París og það gerðist einu sinni, eins og gerðist nú stundum á frumárum tölvanna, að ég missti út þriggja vikna skrif og fékk algjört taugaáfall! En ég endurskrifaði það bara á einum degi - bara allt komplett - þriggja vikna pakka. Þannig að það var einhvern veginn allt hægt og þetta rann bara frá manni og það var í raun bara vandamálið að hemja flóðið og læra á skellinöðruna og fínstillla hana. Þetta hefur eiginlega verið mitt verkefni síðan, að læra sem sagt að tempra mig og segja ekki of mikið, að segja ekki allt. Þetta er ennþá mín glíma og mér hefur kannski tekist í síðustu tveimur bókunum að ná aðeins böndum á þetta. Af og til hef ég einsett mér að skrifa stuttar bækur eins og *Herra Alheim* og *Tíu ráð til að hætta*. Þær voru nú ekkert mjög langar. En almennt líður mér betur ef það er magn. Eins og sýningin hérna niðri, ég get ekki sýnt bara 20 myndir, þær þurfa að vera 80, þá finnst mér ég vera að sýna mig eins og ég er.

Ég á bara mjög erfitt með að skilja að menn fái Nóbelsverðlaun fyrir að yrkja 14 ljóð um ævina. Ég bara skil það ekki! Hvernig er það hægt? Fyrir mér er þetta bara merki um andleysi eða hugmyndaleysi eða leti eða eitthvað. Ég vinn mjög hratt og hugmyndirnar koma á færiband.

Alda Björk:

Ferðu mikið yfir textann og endurskrifar?

Hallgrímur:

Já, ég geri það mikið. Yfirleitt skrifa ég beint inn í tölvuna og svo fer ég yfir kaflann og þá breytist hann. Svo segir Palli mér að stytta og ég hlýði því en þá..., ja, þá vantar eitthvað í þetta og þá lengist hann aftur!

Páll:

Þú skerð niður eina setningu og það koma þrjár í staðinn!

Hallgrímur:

Já, þetta er svona eilíf glíma. Þegar ég byrjaði að skrifa *Herra Alheim* þá ætlaði ég að skrifa bók sem væri eins og kvikmynd, með stuttum senum, snappi samtölum og hafa hana svolítið fyndna. Þannig að tilfinningin væri sú að þú værir að horfa á bíómynd. Mér fannst þetta eitthvað svo ný tegund af skáldsögu. Fyrir mér var þetta ný upplifun, svona „kviksaga“. Og svo fór ég aftur í þetta í *Tíu ráðum til að hætta*, að reyna að skrifa svona afmarkaða, fyndna sögu með stuttum köflum og bíómyndaflíng. Og ég held að ég hafi lært svolítið af því og að sá lærdómur hafi síðan komið inn í *Konuna við 1000°* því það er löng bók og þar er mikið undir en þar eru stuttir kaflar. Reyna sem sagt að segja erfiða, þunga sögu á aðgengilegan hátt.

Páll:

Ef ég má aðeins tala um þetta með stílinn og lengdina: Ég held því fram að þínar bækur séu ekkert langar og að þær megi ekkert styttri vera í raun og veru, vegna þess að það er svo margt sem er í stílnum. Hugmyndaflæðið er í stílnum, þú ert bara þannig höfundur, útleitinn höfundur myndi einhver segja. Líkingarnar hrannast upp og það er myndlistarmaðurinn sem kemur þar við sögu. Maður finnur alveg hvað þetta er mikilvægt og þess vegna vill maður ekkert vera að skerða. Það er mikið hugmyndaflæði og maður hefur oft slæma samvisku yfir

Því sem maður tekur út og sér eftir einhverju. En sem betur fer, þá fæðast þrjár setningar hjá þér þegar maður sker eina niður! En talandi um *Herra Alheim*; ég man þegar þú varst að skrifa þá bók, þá varstu sannfærður um að það yrði metsölubók og þín helsta metsölubók.

Hallgrímur:

Og það er ennþá uppáhaldsbókin mín, kannski vegna þess að engum öðrum hefur þótt vænt um hana og einhver verður að fíla hana! Það er svolítið skrýtið en hún kannski finnur sinn tíma seinna. En í sambandi við lengd og þetta að hemja sig: Sá ágæti maður Ingvar Þórðarson kvikmyndaframleiðandi, sem framleiddi *101 Reykjavík* með Balta, sagði eitt sinn við mig á Kaffibarnum: Það eru allir að segja að þú verðir að læra að temja dýrið en á móti kemur að ef dýrið er tamið þá er ekkert spennandi lengur! Þetta situr alltaf í mér.

Alda Björk:

Það er kannski svolítið öðruvísi að skrifa ljóð, er það ekki, þar sem hvert orð er valið á sérstökum stað, á meðan það er ákveðin energía í prósa, að láta hann flæða svolítið?

Páll:

Þetta er reyndar maður sem gefur út 500 síðna ljóðabók!

Hallgrímur:

Þetta er kannski einhver samviskusemi duglega nemandans. Ég fæ hugmynd að ljóði og hugsa: Þetta eru tvö erindi eða þrjú erindi en þetta er nú eitthvað hálf tíkarlegt, ég verð að standa mig betur. Mér finnst ég ekki hafa þurrausið þessa hugmynd og ég verð að fara aftur og vera duglegur. Að vera duglegur er kannski einhver drifkraftur.

Þorgerður:

Svona íslenska vinnusemin einhvern veginn, svona akkorð!

Hallgrímur:

Já, ætli það ekki bara.

Myndlistin var skjól

Alda Björk:

Þið voruð að tala um hið sýnilega, sérðu þá einhverja beina tengingu á milli til dæmis myndlistaverkanna og bókmenntatextanna? Einhver sömu viðfangsefni eða þemu eða minni eða eitthvað slíkt?

Hallgrímur:

Ég sé það ekki sjálfur en það getur kannski einhver annað séð það. Fyrir mér er ég einhver svona stofnun með mismunandi deildir og það er ekkert samband á milli deildanna. Myndlistadeildin er bara að gera sitt og ljóðadeildin sitt; svo eru skáldsögur, leikrit, kvikmyndahandrit, pistlar, eitthvað. Þetta eru bara mismunandi deildir og ef maður fær hugmynd þá kemur hún alltaf eyrnamerkt; þetta er hugmynd fyrir myndlistaverk, þetta er hugmynd fyrir skáldsögu, þetta er hugmynd fyrir ljóð – eitthvað. Nema kannski *Tíu ráð til að hætta*, hún hefði getað orðið kvikmyndahandrit, ég segi það ekki, ég hugsaði um það. Þetta er þannig hugmynd að hún myndi njóta sín vel í kvikmyndahandriti. En ég var orðinn svo þreyttur á þessum kvikmyndabransa. Þetta var svo þungt í vöfum og þurfti að velkjast svo lengi í handritinu og var endurskrifað endalaust þannig að ég ákvað bara að skrifa skáldsögu sem einhver annar gæti gert kvikmynd eftir.

Alda Björk:

Einmitt. Þú varst náttúrlega búinn að festa þig svolítið í sessi sem myndlistamaður þegar þú varst að byrja að skrifa. Er einhver ástæða fyrir því að þú ákvaðst að einbeita þér meira að ritstörfum?

Hallgrímur:

Já, ég velti því stundum fyrir mér af hverju ég tók þennan pól í hæðina. Í rauninni er þetta svona til helminga í mér. Ég hefði alveg getað orðið meiri myndlistarmaður. En kannski er það okkar hefð; Íslendingar tigna bókmenntir umfram allt annað og maður fær meiri starfslaun sem rithöfundur en sem myndlistamaður.

Páll:

Ég man að þegar þú varst starfandi myndlistamaður þá skrifaðir þú einn og einn pistil í *Þjóðviljann* og þú sagðir: Ég eyði 90% af mínum

tíma í myndlist, 10% í skriftir en ég fæ 90% athygli á þetta litla sem ég skrifa en bara 10% á myndlistina. Ég held að það hafi síðan togað þig inn á þessa braut. Þú fórst að skrifa sífellt meira vegna þess líka að þér var ekkert sérstaklega hampað fyrir myndlistina.

Hallgrímur:

Kannski það líka og ég átti náttúrlega erfitt með myndlistaheiminn. Það var duttlungafullur heimur og erfiður.

Páll:

Og þú varst svona rebel.

Hallgrímur:

Já, ég var að gera eitthvað öðruvísi sem féll ekki í kramið en í rauninni var ég bara að bíða eftir að geta skrifað. Ég notaði myndlistina sem svona skjól á meðan. Þegar maður er tvítugur þá er erfitt að segja við mömmu sína: Ég ætla að verða rithöfundur. Það er auðveldara að segja: Ég ætla að fara í listaskóla. Þannig að ég fór í listaskóla en ég vissi að ég gæti skrifað og var með það svona í bakhöndinni. Svo í New York vantaði mig vasapening og þá gat ég skrifað pistla í blöð og þá varð fólk mjög hrifið af þessum pistlum og sagði: Af hverju ferðu ekki að skrifa bók? Og ég hugsaði: Hvernig ætli maður fari að því að skrifa bók? Ég gat bara ekki ímyndað mér hvernig maður færi að því að skrifa heila skáldsögu og fá hugmynd eftir hugmynd. Ég var of ungur ennþá og það var ekki fyrr en Guðmundur Andri gaf út *Mína kátu angist* að ég einhvern veginn byrjaði, það var svona spark í rassinn. Hann fékk rosa athygli og hann sló í gegn og ég varð eitthvað öfundsjúkur út í hann og þá einhvern veginn hugsaði ég: Já, ég verð að fara að skrifa skáldsögu, nú verð ég að fara að drífa í þessu. Ég vissi bara ekkert um hvað ég átti að skrifa en ég sagði við vini mína: Ég ætla að skrifa skáldsögu. Við vorum þá að keyra um Suðurland, vorum að fara yfir brúna við Hellu og þeir sögðu: Já, um hvað á hún að vera? Og ég sagði bara: Grillskálann á Hellu! Sem var þá mjög frægur á Íslandi. Hann var svona eins og Staðarskáli. Og þá ákvað ég að skrifa um hann og þeim leist bara vel á það þannig að ég kýldi á það. En það var svona meira af vilja en mætti. Það var svona eins og sveinsstykki. Bara að læra að skrifa bók. Og ég var varkár og setti mig í svona hátíðlegar stellingar og var svolítið öðruvísi en ég var í pistlunum. Ég var kannski

of hátíðlegur. En svo fann ég mig einhvern veginn eftir það. Þá vissi ég hvernig átti að gera þetta og þá kom *Þetta er allt að koma* og einhvern veginn mín rödd.

Páll:

Tengist þetta ekki líka þörf þinni fyrir að færa veruleikann inn í bókmenntirnar? Það er til dæmis setning í *101 Reykjavík*: „Ég músa mig inn á netið“. Þetta skildu ekki allir á Íslandi árið 1996! Ég man að þú varst upptekinn af þessu og ég held að þetta sé einn þráður í þínu höfundarverki og hafi alltaf verið - að bókmenntirnar endurspegli lífið hér og nú, er það ekki?

Hallgrímur:

Jú, ég var mjög upptekinn af þessu. Mér fannst íslenskar bókmenntir ekki vera nógu mikið í takt við tímann. Það hafði aldrei neinn fengið sér bjór í íslenskri skáldsögu. Það hafði aldrei neinn farið inn á vídeóleigu í íslenskri skáldsögu. Það hafði varla neinn farið upp í bíl, menn voru bara á hestum! Þetta var allt svo fornaldarlegt og ég vildi ná þessum veruleika inn í skáldsöguna. Svo var ég þarna á síðustu metrunum í *101 Reykjavík* og þá voru allir að tala um eitthvað internet og ég vissi ekkert hvað þetta var! En ég hugsaði að það væri mikilvægt að ná þessu inn, þetta ætti örugglega eftir að verða eitthvað stórt, ég hafði það á tilfinningunni. Og þá lét ég Hlyn alltaf vera að fá einhverja tölvupósta og bjó til netfang sem var út í hött. Ég hafði sjálfur aldrei fengið tölvupóst á ævi minni! En ég var mjög feginn eftir á að hafa náð þessu inn í bókina því þar með öðlaðist hún lengra líf. Þá var hún ekki alveg jafn gamaldags árið 2010.

Karlmennska í krísu

Alda Björk:

Já, þetta er mjög nútímaleg bók, *101 Reykjavík*, en bæði í bókinni og í leikritinu þá hefurðu tekist á við karlmenskuna. Ég var að spá í af því að í sögunni þá talarðu um, held ég, Hlyn sem linan Björn á brjósti. Ertu að fást að einhverju leyti við karlmenskuna? Er karlmennskan komin í krísu?

Hallgrímur:

Já, ég var svolítið upptekinn af þeirri hugmynd þá, að karlar væru kannski orðnir óþarfir. Það voru þessar nýjungar með sæðisgjafa þannig að karlmaðurinn var í rauninni ekki nauðsynlegur lengur til að viðhalda lífinu. Hann var eiginlega orðinn óþarfur. Svo sá maður gamla kunningja, sem höfðu verið með manni í menntaskóla, sem höfðu speið út á hassreykingum og maður sá að það var ekkert þjóðfélagslegt gagn í þessum mönnum! Karlmaðurinn er mjög brjóstumkennanlegur þegar hann er kominn í þennan ham, að verða svona grey eins og Hlynur Björn. Þá er hann alveg óþarfur og bara þjóðfélagsvandamál í rauninni.

Alda Björk:

En samt svona heimspekingur?

Hallgrímur:

Þetta var náttúrliga '96 og þá var ég svolítið upptekinn af þessu. Ég veit ekki hvernig staðan er í dag, það eru aðrir tímar í dag og feminísminn orðinn miklu meira í umræðunni. En maður sér samt menn, eins og Hlyn Björn, sem eru ennþá voða reiðir út í feminisma og vilja ennþá halda í þennan gamla veruleika.

Páll:

Þeir vilja halda að þeir hafi ennþá tilgang, feisa það ekki að þeir séu tilgangslausir!

Hallgrímur:

Já, og svo finnst mér bara þessi karlakúltúr mjög erfiður. Ég hef einhvern veginn aldrei samsað mig við hann. Ég hef aldrei getað verið í þessum veiðiferðum eða horft mikið á bolta og þessi bjórmenning ... Mér finnst í rauninni karlmenn verða voða vitlausir þegar þeir eru einir saman í hóp! Það er einhvern veginn eins og gáfnavisitalan hrynji niður um 100 stig við það. Það er eins og karlmenn þurfi rosa mikið á konum að halda. Þið vitið hvernig karlmenn verða ef þeir búa einir og verða einstæðingar. Þá hrynja þeir bara niður og hætta að taka til í kringum sig og verða ofsalega feitir og bara hrynja bókstaflega. Og ég hef alltaf kunnað betur við mig í blönduðum félagsskap eða bara í félagsskap kvenna sem mér finnst skemmtilegri félagsskapur heldur en bara karlar. Mér finnst þessi karlamórall bara leiðinlegur, sko!

Fyrstu viðbrögð voru hlátur

Páll:

Nú ert þú mjög myndinn maður, Hallgrímur, og ég man eftir því að í gagnrýni hérna áður fyrr var oft fundið að þessu. Kannski má segja að þú sért of myndinn. Við vorum að tala hérna áðan um þjóðfélagsgagnrýni og bækur eins og *Rokland* og *Þetta er allt að koma* sem eru mjög róttækar og krítískar á efnishyggjuna. En myndnin í þessum bókum kannski yfirskyggni þjóðfélagsgagnrýnina að einhverju leyti. Er myndnin vandamál í raun og veru? Hvað viltu segja um þetta?

Hallgrímur:

Ég held það hafi verið meira áður fyrr, að fólk vantreysti svona myndnum texta. Fólk trúði því ekki að maður gæti verið eitthvað alvarlegur líka. Jafnvel þó að maður væri að benda á að bestu höfundarnir væru oft mjög myndnir, eins og til dæmis Dickens eða Laxness. Þetta er náttúrlega stórkostlegur eiginleiki að geta vakið upp hlátur með dauðum texta á blaði. Að fólk geti hlegið upp í rúmi hjá sér, seint um kvöld - ég myndi alla vega ekki vilja vera án þess og verð alltaf glaður þegar fólk segir að það hlægi upphátt að bókunum mínum. Svo lærir maður kannski að stilla þessu saman. *Þetta er allt að koma* var meira svona hlátur út í gegn. Ég var í raun að gera grín að aðalpersónunni, að gera grín að öllu. Þessi texti var bara eitt stórt grín, svolítið tvívíður texti. Svo lærði ég að koma með hið harmræna inn í bækurnar, eins og í *101 Reykjavík* og þetta sem ég var að tala um áðan, að fara með persónuna niður á dýpsta stig sársauka í hverri einustu bók og blanda þessu saman. Það hefur verið svolítill glíma líka að tempra, að finna jafnvægið, en það er alltaf stutt í grínið. Til dæmis þegar Böddi er búinn að drepa bróður sinn þá hringir farsíminn hans. Bróðirinn liggur þarna dauður á hlaðinu á þessu eyðibýli og þá heyrir einhver fáránleg hringing sem er alveg absúrd. Það er í rauninni myndið en samt harmrænt. Það er alltaf skemmtilegt þegar þetta tvennt blandast saman.

Páll:

Vegna þess að þetta eru allt meira og minna tragedíur sem þú skrifar?

Hallgrímur:

Það má kannski segja það.

Alda Björk:

Já, ætli Böddi sé ekki að einhverju leyti svona harmrænasta persónan þín?

Hallgrímur:

Jú, maður sá það eiginlega í kvikmyndinni því það vantaði kannski húmorinn í kvikmyndina og þá varð sagan rosalega þung tragedía. Sem mér fannst dálítið magnað að sjá. Maður hefði kannski viljað sjá meiri léttleika í bland en þeir keyrðu bara á tragedíunni. En þetta hefur lengi loðað við mig. Fyrstu myndlistasýningarnar, þá málaði maður bara landslagsmyndir og maður var háalvarlegur ungur listamaður. Samt kom fólk inn í salinn og fór að hlæja um leið og það sá verkin. Það voru alltaf fyrstu viðbrögðin, hlátur. Þannig að ég veit ekki alveg, þetta hefur alltaf fylgt mér.

Páll:

Já, eins og hver önnur fötlun!

Þorgerður:

En hefurðu þá áhyggjur af að vera ekki tekinn nógu alvarlega?

Hallgrímur:

Þetta hefur lagast með tímanum og íslensk menning hefur líka breyst. Við erum þroskaðri en við vorum þegar bara ákveðnar týpur af ljóðum voru flokkaðar sem bókmenntir. Það er miklu meiri breidd í menningunni í dag. Fleiri raddir fá að hljóma og fleiri eru teknir alvarlega. Þannig að ég skynja það að fólk tekur húmor alvarlega í dag, meira en það gerði áður. Maður merkir þá breytingu. En ég hef aldrei verið hræddur um að vera ekki tekinn nógu alvarlega, nei. Svo um leið og bækurnar komu út erlendis þá varð maður einhvern veginn alveg öruggur. Þar voru bækurnar teknar alvarlega, miklu frekar en hérna heima.

Páll:

Talandi um viðtökur erlendis: Hefurðu ekki upplifað það að bók, sem þú sendir frá þér, fær kannski blendna dóma hérna heima, er misskilin en svo koma viðtökur erlendis og þá kemur svona loksins-loksins-tilfinning? Kannastu ekki við það? Nú nefni ég til dæmis *Tíu ráð til að hætta* sem féll nú ekki í kramið hér á Íslandi. Menn sögðu meðal annars að hún væri of fyndin!

Hallgrímur:

Sko, 101 Reykjavík og *Tíu ráð til að hætta* eru þær bækur sem hafa gengið best erlendis. En þetta eru einmitt bækurnar sem hafa fengið versta dóma hér heima. Þannig að það er eitthvað samhengi þarna á milli. Því verri dóma sem þú færð hér heima, því betri dóma færðu erlendis. Því betri dóma hérna heima, þeim mun erfiðara er þetta erlendis. Og ég velti fyrir mér af hverju þetta er. Ég skil ekki alveg hver ástæðan er. En það er alltaf erfitt að fá vandan dóm. Þó að maður sé 20 ár í bransanum, 30 ár, þá finnst manni maður alltaf vera dæmdur af sinni síðustu bók. Það skiptir engu máli þótt maður sé búinn að skrifa einhverjar góðar bækur, ef síðasta bók er ekki að virka, þá verður maður virkilega „down“. Og þetta með *Tíu ráð til að hætta* var mjög erfitt, mjög erfiður tími og svo bættist við skilnaður í kjölfarið og þetta var rosalegur niðurtúr. Og þess þá heldur, þegar hún kom út erlendis þá varð maður bara hissa: Nú, er einhver sem fílar þessa bók? Og þá einhvern veginn fylltist maður bjartsýni á ný og það var náttúrlega mjög sætt, svona eftir á að hyggja. En maður verður bara að sætta sig við það að sveitaprestarnir, þeir tóna tíðum falskt. Það er gagnrýnendurnir hérna heima, sko!

Páll:

Já, þeir tóna þannig að það einhvern veginn endurómar í gegnum allar viðtökur! Svólítið merkilegt þetta með *Tíu ráð til að hætta*; Maður fylgdist með þessu í nokkurri forundran því umræðan var þessi að hún væri of myndin. Sumir sögðu: Hann er að reyna að vera myndinn en er það ekki. Þetta var mjög skrítið og eflaust mjög frústrerandi fyrir höfundinn.

Hallgrímur:

Svo kannski blandaðist inn í þetta að *Tíu ráð til að hætta* var skrifuð á ensku og síðan þýdd yfir á íslensku og kannski skynjaði fólk það. Þetta var bók um útlending sem kom til Íslands. Ég var að reyna að skrifa fyrir erlenda lesendur og kannski skynjaði fólk það líka að þessi bók var ekki hugsuð fyrst og fremst fyrir Íslendinga. Svo kom hún út á hrundaginn haustið 2008 og kannski skipti það líka máli. Hún var ekki að tala inn í eitthvað hrúnástand, ekki mikið alla vega. En maður veit það ekki.

Páll:

Manni fannst líka þegar maður stúderaði þessar viðtökur að þín persóna væri að trufla, það var mjög áberandi. En útlendingar voru náttúrliga lausir við þau áhrif og gátu kannski betur horft á bókina!

Hallgrímur:

Já, það er það besta við útgáfur erlendis, maður hefur á tilfinningunni að erlendis sé fólk bara að dæma bókina sjálfa en ekki hvað ég hef verið ömurlegur í einhverjum sjónvarpsþætti um það leyti sem bókin kemur út!

Alda Björk:

Talandi um viðtökur erlendis, ef maður talar til dæmis um *101 Reykjavík*: Telurðu að myndin, sem Baltasar gerði, hafi breytt einhverju fyrir þá bók? Nú réð hann þekktu spænska leikkonu í hlutverk Lólu og myndin fékk náttúrliga athygli og dreifingu erlendis. Heldurðu kannski að þetta hafi haft áhrif á viðtökur á bókinni og hugsanlega líka einhver áhrif á þinn feril erlendis?

Hallgrímur:

Já, ég held það. Þetta var mjög stórt skref og gerði voða mikið fyrir mig og ég var í rauninni bara ofsalega þakklátur fyrir að þessi bíómynd var gerð því að hún breytti rosalega miklu. Eftir það vildi fólk fá þýðingar á bókunum. *101 Reykjavík* var þýdd á 12 tungumál og svo í kjölfarið komst ég inn á forlög erlendis þannig að það breytti miklu á mínum höfundaferli. Og ég man ennþá eftir því þegar við vorum nokkrir Íslendingar á kvikmyndahátíð í Gautaborg þar sem Baltasar sýndi sýnishorn úr myndinni. Þá sá ég þetta í fyrsta sinn og það var fullur salur af Svíum og þeir hlógu og þeim fannst þetta æðislegt. Það var mjög sterk upplifun fyrir mig að sjá á stórum skjá eitthvað sem ég hafði skrifað og að sjá að það virkaði á erlenda bíógesti. Það var í rauninni ótrúleg upplifun. Ég varð í raun mjög hissa því þegar ég skrifaði bókina þá var minn markhópur svolítið svona „clever“ fólk í Reykjavík. Ég bjóst aldrei við að hún yrði þýdd á önnur tungumál og leyfði mér endalausar tilvitnanir í íslenska dægurmenningu; Halla og Ladda og Hemma Gunn og fleiri. Svo fékk ég endalaus símtöl frá þýðendum sem spurðu: Hverjir eru Halli og Laddi? Hvað þýðir „Látum sem ekkert C“? Það var örugglega alveg hræðilegt að þýða þessa bók

yfir á önnur tungumál! En málið er að því meira lókal sem maður er, því meira glóbal verður maður. Maður þarf bara að leyfa sér að fara alveg inn í íslenskan mórál og sökkva sér djúpt ofan í hann.

Alda Björk:

Nú ert þú höfundur nokkurra hugtaka sem hafa náð að festast í sessi, eins og til dæmis Bláu handarinnar og 101 Reykjavík, sem er tákn fyrir ákveðinn lífsstíl, svona miðbæjarlíf. Hvað finnst þér um það?

Hallgrímur:

Áður en bókin *101 Reykjavík* kom út, vildi ég að hún hétu bara Hlynur Björn, mér fannst það bara flottur titill. Þá var ég undir einhverjum Shakespeare áhrifum, verkið hans hét bara *Hamlet* og ekkert rugl. En svo sögðu allir: Þetta er ömurlegur titill! Þú getur aldrei selt þessa bók, þetta er alveg hræðilegt! Hver vill kaupa bók sem heitir Hlynur Björn? Þá var bara mánuður þangað til bókin átti að koma út og ég þurfti að finna nýjan titil og það var alveg svakalega erfitt. Og ég man, ég var þenni á Alpýðublaðinu og þeir voru þarna Hrafn Jökulsson og Gunnar Smári, Jakob Bjarnar og Jón Óskar og fleiri, einhver svona lítil akademía, og ég kom á hverjum degi inn í Alpýðuhúsið með þrjá nýja titla. Þetta var mikil þrautaganga og svo kom ég loksins með titilinn 101 Reykjavík og þá hrópuðu allir: Jess, þetta er málið! Þannig að ég þurfti mikið að hafa fyrir þessu og þurfti að breyta bókinni svolítið og endurskrifa hana til að láta líta út fyrir að þetta hefði verið hugmyndin allan tímann, sem var ekki. Og ég þurfti svolítið að slást við útgefandann því hann hafði ekki trú á því að bók sem hétu 101 Reykjavík myndi seljast í öðrum hverfum borgarinnar!

Páll:

Útgefandinn hélt að það kæmi enginn að búðarborði og segði: Ég ætla að fá *101 Reykjavík*!

Hallgrímur:

Þannig að þetta var svona nýjung. En ég var náttúrliga mjög feginn eftir á, því þetta svínvirkaði. Bókin kom út '96 og þá var þessi áhugi í kringum Björk vaknaður. Það var mikill áhugi á Reykjavík hjá erlendri menningarpressu og poppskríbentum þannig að þeir streymdu til Íslands og úr varð eitthvert svona Reykjavíkur „hype“ sem þetta talaði

einhvern veginn beint inn í. Ég gerði mér ekki alveg grein fyrir því þá en þetta var náttúrlega eins og úthugsuð markaðssetning á þessa bók, svona eftir á að hyggja.

Alda Björk:

Einmitt. Svo hefur þetta 101 konsept kannski að einhverju leyti tengt þig enn frekar við útrásina, er það ekki? Vegna þess að Ingibjörg Pálmadóttir tók þetta upp og gerði þetta að vörumerkinu sínu með lystisnekkjunni 101 og 101 Hóteli?

Hallgrímur:

Já, nú heitir sem sagt gamla Alþýðuhúsið, þangað sem ég kom með titilinn 101 Reykjavík, 101 Hótel! En ég get ekkert verið að hafa áhyggjur af því. Ekkert frekar en kampavínsframleiðandi getur haft áhyggjur eða fett fingur út í hvað er gert í partium þar sem kampavínið hans er drukkið!

Porgerður:

Þú lýsir þessum samtíma vel í *101 Reykjavík*, þessari útrás tónlistarmanna og þessu andrúmslofti. Þetta er andrúmsloft sem þú ert mjög hrifinn af og skrifar oft um í greinum. Þú ert alltaf að fjalla um dægurmeninguna og poppmeninguna og heldur henni mikið á lofti og svo ferðu náttúrlega beint inn í þessa klassísku risahöfunda. Það er bara Shakespeare og Laxness, þú ferð alltaf alla leið í að blanda þessu tvennu saman og það er dálítið athyglisvert. Er ekki einhver mótsögn í þessu, að vera svona hrifinn af þessum kanónum og síðan svona ofsalega hrifinn af dægurmeningunni?

Hallgrímur:

Jú, það er kannski mótsögn í þessu en stundum eru mótsagnir líka gjöfular og mynda eitthvað nýtt. Það er satt að ég var mjög hrifinn af þessari Reykjavíkurstemningu sem myndaðist þarna. Ég ólst auðvitað upp í Reykjavík sem var þá hræðilega leiðinleg borg. Þetta var eins og að alast upp í Austur-Pýskalandi. Það var ekkert í gangi; það var einn bar, einn restaurant, ein útvarpsstöð, ein sjónvarpsstöð, einn maður á ferli eftir klukkan sjö, það var bara eitt af öllu. Fyrir utan eina skemmtistaðinn, Hótel Borg, var kílómeters löng röð og ef þú komst ekki inn þá varstu bara í röðinni allt kvöldið! Þetta var rosalega

leiðinleg borg. En ég held að Bjarkar-faktorinn hafi hjálpað mikið til og borgin varð alþjóðlegri og það losnaði um einhverja orku og borgin varð meira skapandi. Og út úr þessu kom þessi mikla tónlistarsena, sem ég held að sé það merkilegasta sem hefur gerst, jafnvel merkilegri en bókmenntirnar því hún er miklu stærri og breiðari og dýpri og rúmar í raun miklu meira svæði. Og nú var þriðja heimsfræga númerið að koma, *Of Monsters and Men*. Þetta eru náttúrlega mikil tíðindi og maður er hrifinn af þessu. Og mér finnst það alltaf magnað þegar úr þessu litla landi, úr þessari litlu borg, kemur einhver talent sem nær að tala til alls heimsins. Það er alltaf ævintýri þegar það gerist, alveg ótrúlegt í rauninni og er enn að gerast. En svo hafa bókmenntirnar líka blómstrað og ég held að það hafi orðið ótrúleg þróun, bara á síðustu 15 árum. Maður ólst náttúrlega upp við það að Laxness væri nánast eini íslenski höfundurinn sem hefði verið þýddur á önnur tungumál. En núna eru kannski 30 eða 40 rithöfundar á mála hjá forlögum erlendis og allar þeirra bækur eru að koma út í þýðingum erlendis. Og það er ótrúlegur afrakstur. Ég held að þetta hafi gerst þegar íslensku forlögin fóru að fara á þessar bókamessar og mynda tengsl við erlenda aðila og fóru að hugsa í útrásarsamhengi. Ég held að þetta hafi lyft mikið undir bókmenntalífið í landinu sem er mjög ríkt í dag. Og svo kom náttúrlega Frankfurtar-messan þarna sterk inn.

Aldrei að líta um öxl

Þorgerður:

Hvað hefurðu haft mikil áhrif á þessar kvikmyndir sem gerðar hafa verið eftir bókunum þínum? Og hvernig var að sjá myndir eins og *Rokland* sem var greinilega öðruvísi heldur en þú hafðir búist við? Hvernig var að sjá „börnin sín“ í þessu samhengi þar sem þú þurftir að horfa á eftir þeim inn í eitthvað annað ferli?

Hallgrímur:

Það var einn góður rithöfundur sem lýsti því þannig að kvikmyndir sem væru gerðar eftir bókum væru eins og tengdasonur eða tengdadóttir rithöfundarins: Þótt þú sért ekki mjög hrifinn af þeim þá máttu aldrei segja það! Þú verður bara að lifa með því! En ég var bara mjög heppinn

og sérstaklega með *101 Reykjavík* sem sló í gegn og gerði þetta mikið fyrir mig. Það var bara frábær mynd, þó að hún væri töluvert öðruvísi en bókin. Þá treysti ég leikstjóranum fyrir öllu og var ekki með puttana í henni að neinu leyti nema þegar hann bað mig að skrifa einhverja mónólóga í restina sem Hilmir Snær las svo inn bara á síðustu metrunum. Þannig að ég kom aðeins að þeirri mynd og reyndar líka að *Roklandi*. Þá var ég líka fenginn til að skrifa inn einhverjar nýjar línur hér og þar, og eins og í *101 Reykjavík*, þá treysti ég bara leikstjóranum. Og ég er líka bara mjög hrifinn af þeirri mynd og finnst hún mögnuð. Hún hefur ekki gengið eins vel og *101 Reykjavík* en mér þykir líka vænt um hana. En maður þekkir það þegar maður er að gera eitthvað sjálfur að maður vill ekki hafa neinn yfir öxlinni á sér að segja: Já, ætlarðu að gera þetta svona? Þannig að maður verður að gefa fólki fullt frelsi og treysta því. Annars fer líka svo mikill tími í þetta. Ég stóð einmitt frammi fyrir þessu vali núna þegar Þjóðleikhúsið vildi setja *Konuna við 1000°* á svið. Mig langaði svolítið til að gera leikgerðina og ég var beðinn að gera það en svo ákvað ég að það færi of mikill tími í það og ef ég gerði það, þá yrði ég líka fastur í eitt ár í viðbót í þessari bók. Þannig að það var meira freistandi að fara frekar að vinna í nýrri bók.

Þorgerður:

En þér finnst ekkert erfitt að sleppa?

Hallgrímur:

Nei, mér finnst bara gott að sleppa. Ég er með þá kenningu að maður eigi aldrei að líta um öxl. Við erum reyndar massívt að líta um öxl hér í dag! En svona yfirleitt vil ég frekar halda alltaf áfram, í næstu bók og svo næstu og næstu. Auðvitað getur verið hollt að líta til baka annað slagíð og reyna að læra af mistökunum eða læra af einhverri gagnrýni sem maður fær og maður reynir það alltaf til hins ýtrasta. En maður verður samt alltaf að halda áfram og má ekki dvelja mikið við það sem var, heldur fara strax í næsta verk.

Alda Björk:

Sagðirðu ekki einhvern tímann, þegar þú varst staddur á settinu í *101 Reykjavík*, að þér liði dálítið eins og Einari J. Grímssyni sem var staddur í eigin skáldsögu? Skáldsagan fer að lifa sínu eigin lífi og rithöfundurinn bara horfir á?

Hallgrímur:

Jú, það var svolítið góður undirbúningur fyrir *Höfund Íslands* að vera á settinu í *101 Reykjavík* því það var, eins og þú varst að lýsa, eins og að vera staddur í eigin hugverki. Og líka samviskubitið gagnvart öllum tæknimönnunum vegna þess að ég hafði skrifað að það væri snjókoma en ekki rigning og snjóvélnar voru ekki að virka og þeir þurftu að hafa mikið fyrir því að búa til snjó. Og smiðirnir þurftu að smíða hús sem væri nákvæmlega eins og húsið sem ég hafði skrifað um á 10 mínútum og það tók þá alveg þrjár vikur að byggja það. Það var þessi tilfinning sem ég fékk. En svo steig ég út úr þessari leikmynd og þegar ég skrifaði *Höfund Íslands* þá notaði ég þessa tilfinningu, hvernig það hafði verið að sjá persónurnar, sem ég hafði skapað, tala saman inni í húsi sem ég hafði smíðað með orðum.

Ljóðið er ekki dautt

Þorgerður:

Við höfum ekki talað mikið um ljóðin þín. Þú gefur út þessa einu bók sem er, eins og fram hefur komið nokkrum sinnum í dag, nokkur hundruð síður. Geturðu sagt okkur aðeins frá hugmyndinni? Af hverju varstu að gefa út þetta ljóðasafn, þennan grip, þennan múrstein? Af hverju gafstu ekki bara út eina og eina bók, svona eins og fólk gerir?

Hallgrímur:

Það var í rauninni bara alltaf svo mikið að gera. Það var alltaf myndlistasýning, skáldsaga, greinaskrif og rosa aksjón en samt fékk maður alltaf tvær eða þrjár ljóðlínur í hausinn þannig að maður setti þær alltaf til hliðar. Ég er örugglega eina skáldið sem hef fengið bakverk af því að yrkja ljóð því að ég sat við í heilt ár að klára þessi ljóð. Það var mikil vinna og allt í einu voru bara komnar 300 síður af ljóðum sem þurfti að gefa út. Þannig að það var bara einföld ástæða fyrir því: Þetta var bara svona uppsafnaður vandi! Og það er eins í dag, það detta alltaf inn svona ljóðlínur sem maður vill ekki gleyma og setur inn á harða diskinn og svo kannski vinnur maður úr því seinna og það er aldrei tími til þess og svo ákveður maður kannski bara einn daginn að taka tíma í það. Og þannig var þetta nú.

Porgerður:

Og svo hefurðu líka aðeins verið að gagnrýna, eins og þú gerðir bara hérna áðan, þá sem eru að senda frá sér ljóðabækur með nokkrum ljóðum, með svona einu ljóði á blaðsíðu. Var það ekki „Fiðrildaskólinn“? Nei, hvað kallaðirðu það?

Hallgrímur:

Jú, ég var mjög harður við ljóðskáldin í grein sem ég skrifaði, „Ljóðið er halt og gengur með hæku“, sem kom út í tímariti rétt áður en ég gaf út bókina mína. Það var náttúrulega hálf óheppilegt.

Páll:

Þetta setti pressu á þig!

Hallgrímur:

Já, ég var eitthvað að plaffa á alla kollegana og fékk náttúrulega hræðilega dóma fyrir bókina mína og allir voru voða reiðir út í mig. Ég gekk með hauspoka um bæinn í þrjú ár og þorði varla að horfa í augun á þessum mönnum, mér fannst ég hafa farið svo illa með þá. Ég er ennþá með svolítið samviskubit. En mér finnst samt bara fínt að hafa hreinsað andrúmsloftið, að hafa verið hreinskilinn því þeir voru komnir í algjörar ógöngur. Og mér finnst í rauninni fáránlegt ef Íslendingar, með sína einstöku ljóðahefð, ætla bara að kasta frá sér stuðlum og höfuðstöfum. Við erum búin að nota þetta í þúsund ár! Við erum síðasta þjóðin í heiminum sem er að nota þetta! Af hverju ættum við að hætta því? Af hverju ættu Japanir að hætta að borða sushi? Af hverju ættu Ítalir að hætta að sjóða pasta? Þetta er merkileg hefð og mér finnst að við verðum að viðhalda henni. Það er bara okkar skylda. Og svo finnst mér þetta líka of auðveld leið sem þeir voru að fara, að leggja ekki á sig að læra þetta. Mér finnst þeir svolítið eins og myndlistamenn sem læra ekki að teikna og gera alltaf bara konsept-verk. Kannski finnst mér þetta líka af því að ég fór sjálfur erfiðu leiðina og reyndi að læra bragfræði og stuðlasetningu. Ég er enn að læra þetta því þetta er mjög snúið og þess vegna finnst mér þetta hálf „cheap“ hjá þeim.

Páll:

Þetta er svona þráður hjá þér: Þú ferð alltaf erfiðari leiðina, styttrir þér aldrei leið?

Hallgrímur:

Já, það getur verið. En svo í seinni tíð er ég farinn að yrkja án ríms og ljóðstafa.

Páll:

Það sem helst hann varast vann!

Hallgrímur:

Já, en nú er ég búinn að gera mitt til að varðveita þessa hefð. Nú er kominn tími til að þið farið að gera það!

Alda Björk:

Kannski má þá segja að ljóðið sé komið í ógöngur því ljóðabækur eru ritverk sem seljast illa? Finnst þér ljóðið kannski ekki höfða nægilega vel til fjöldans?

Hallgrímur:

Já, ég hef verið svolítið upptekinn af því að ljóðið höfði ekki til fjöldans. En það er kannski líka misskilningur og maður er kannski í ógöngum með það því ljóðið á kannski ekkert endilega að höfða til fjöldans. En síðan hefur það líka gerst á síðustu árum að það hafa komið út nokkrar ljóðabækur sem hafa selst mjög vel, ljóðabækur sem hafa raunverulega höfðað til fjöldans og það hafa komið fram metsöluljóðskáld eins og til dæmis Ingunn Snædal. Þannig að ljóðið er alls ekki dautt, alls ekki. Og maður skynjar að ef þú hefur eitthvað mikið að segja, ef þú þarft að koma einhverju frá þér almennilega, ef það brennur eitthvað á þér, þá skilar það sér í ljóðinu.

Páll:

Þú lýstir þessu með línurnar og deildaskiptinguna hérna áðan. En veistu í hvaða deild línurnar eiga heima þegar þær koma, hvort þær eru ljóðlínur eða línur í skáldsögu?

Hallgrímur:

Ég fæ reyndar ekki beinlínis línur í hausinn sem eiga að fara í skáldsögur, frekar svona eitt og eitt orð. Línan sem kemur er yfirleitt af ljóðakyni, og þá bara verður maður að geyma hana.

Páll:

Sé hún stuðluð!

Hallgrímur:

Já, en stundum er hún rangstuðluð og maður þarf aðeins að hnika til. En svo veltir maður líka fyrir sér hvort maður á að hafa þetta alltaf rétt. Megas er til dæmis mjög frjálsglegur í sínum stuðlum, svo eru aðrir sem kunna ekki að stuðla og maður sér rangstuðlaðar línur. Og þetta er alltaf að brjótast um í manni. Á maður að setja þetta í reglurnar eða hvað? Þetta er alltaf einhver innri barátta.

Leikur við hefðina

Alda Björk:

Þú notar dálítið sérstaka aðferð í ljóðabókinni þar sem þú ert að stæla ýmis þjóðþekkt kvæði og endurvinna og færa til nútímans. Og þú notar poppmenningu, dægurmenningu, sjónvarpsmenningu, eitthvað sem fólki finnst kannski passa illa við ljóðið. Þú tekur til dæmis frægt ljóð eftir Jónas Hallgrímsson og færir það í enskan búning. Ég var bara að spá hvernig þú notar hefðina. Þú notar hana í rauninni eins og hvern annan efnivið. Hvaða þýðingu hefur það fyrir þig að nota hefðina á þennan hátt?

Hallgrímur:

Ég var svolítið mikið í þessu fyrst, að stæla og snúa út úr. Fyrsta ljóðið mitt sem birtist á prenti var „Ferðalok“ þar sem ég var til dæmis að stæla Jónas. Þar var ég með „Leiddi ég þig á Mokka“ í staðinn fyrir „Greiddi ég þér lokka“ og eitthvað svona. Þetta var svona leikur með hefðina. Mér fannst þetta virðing við þetta ljóð en samt var ég að taka það aðeins niður líka. Þetta var svona prakkaraskapur. Ég var svolítið fastur í þessu framan af. Þetta var einhver leið til að læra hvernig maður ætti að gera þetta en þetta var líka leikur. Ég var að taka ljóðið niður af stalli og færa það niður á götu-level. En ég er ekkert svo upptekinn af þessu lengur, finnst mér. Nú er ég meira að miðla einhverri tilfinningu sem ég fæ. Núna finnst mér það miklu meira djúsi og dýpra heldur en að vera með einhverjar svona stælingar.

Páll:

Var þetta ekki bara þín erfiða leið til að finna þína eigin rödd?

Hallgrímur:

Jú, það má segja að þetta hafi verið einhvers konar skóli. Þegar maður var ungur, þá gerði maður þetta en ekki lengur.

Alda Björk:

Þetta kannski einkenndi þig bara sem höfund á ákveðnu tímabili þegar þú varst að skrifa þig inn í hefðina því þetta er ekki eins áberandi hjá þér núna.

Hallgrímur:

Ég var líka bara að snúa út úr textum sem voru til. Ég skrifaði hálfu síðu eins og Ólafur Jóhann í *Þetta er allt að koma*, hálfu síðu eins og Vigdís Gríms og hálfu síðu eins og þessi og eitthvað svona. Ég var líka að yrkja ljóð eins og Matti Jó. Mér fannst þetta alveg svakalega fyndið, sko! Og hugsaði: Hvað ætli þeir segi núna? En þetta er svona ungs manns gaman.

Þorgerður:

Það ótrúlega er að gerast hér að það er farið að saxast allverulega á okkar tíma. Við ætluðum að biðja þig að lesa fyrir okkur ljóð hér í lokin.

Hallgrímur:

Já, það er kannski pláss fyrir tvö ljóð. Fyrst er það ástarsonnetta sem ég orti fyrir nokkrum árum.

*Væri ég bara vín í þínu glasi,
já, varamjúkur, tunguljúfur sopi,
einn fagurrauður, franskættaður dropi
sem ferðast burt frá pólitísku þrasi.*

*Þá glaður mun ég ganga meltuveginn
þinn girnilega alveg niður í maga,
hvar ástúðlega andann mun ég draga
sem innanbúðarmaður líkamsleginn.*

*Og magasýrur munu á mér vinna.
Ég meina, að reyna að brjóta mig svo niður
að nýtast megí öll mín ensím þér.*

*Og ef þú drekkur meira muntu finna
hve mögnuð áhrif ég get haft á iður.
Ég bið þig vina, vertu full af mér.*

Og síðan er það eitt ljóð sem er lengra og mælskara en er ekki samt neitt rímað. Það heitir „Fasteignamorgunn“ og þetta orti ég í fasteignabólunni miklu, árið 2007. Þá var ég næstum búinn að kaupa mér vinnustofu en fyrrverandi konan mín ráðlagði mér frá því að taka gengislán þannig að ég leigði hana í staðinn. Ég er mjög feginn því í dag. Þetta var í janúar 2007 og þarna var ég að fara inn í Faxafen til að ganga frá tilboði í þetta húsnæði sem ég hætti síðan við. En úr varð samt þetta ljóð. Það var ægilega fallegur vetrarmorgunn í Reykjavík og ég var rosalega ánægður, man ég, að geta ort svona fallega um Faxafen og þetta svæði þarna í kringum Rúmfatalagerinn!

Fagrir eru frostmorgnar í Reykjavík
með fölvablárrí rönd
af árdagshimni yfir myrkum Bláfjöllum
en reykjarstrókar stíga upp af flatþökum
og stafa lognið
ofan í okkur miðstöðvarmænandi bílverja.

Suðurlandsbrautin er brúður í hvítum kjólförum
bremsuljósaröð
silast hægt í áttina að uppruna jarðlífsins
en sundlaugapokan læðist inn eftir Laugardal
líkt og gæfan
sem lagðist yfir líf þitt í vetrarbyrjun.

Og fögur eru fenin innaf Grensási
með fannhvít dekkjaför
í bland við nýjustu beygjur slabbinu munstraðar

og sumarbjartir gluggar í morgunmyrkrinu
og maður við tölvu
reiknar út þína lántökumöguleika.

Fagrir eru frostmorgnar í Reykjavík
og fasteignasalans hönd
er smá og þvöl en hörð af sýsli með samninga.
Þú réttir honum lófa þinn loðinn af efanum
um lífið og dauðann
og rétt þinn til eignar á morgni svo fögrum sem þessum.

„Í dag er fallegur dagur til þess að kaupa, ha,“
hann dengir á þig hress.

„Aldeilis dagur til þess að ganga frá tilboði!“

„Já, kaupa sér hlut í kyrrlátri fegurð morgunsins?“

Þú spyrð en hann svarar:

„Þú berð ekki saman fegurð og fastar eignir.“


Þorgerður:

Já, þá er þessu Ritþingi lokið. Ég þakka ykkur kærlega, Hallgrímur, Páll og Alda Björk, fyrir að vera hér með okkur í dag. Ég minni á að það er að opna núna myndlistasýningin hans Hallgríms, „Myndveiðitímabilið 2012“, sem er hér á hæðinni fyrir neðan og ykkur er að sjálfsögðu öllum boðið þangað. Og ég þakka ykkur kærlega fyrir komuna. Takk fyrir.



Ritstjórn / Inga Sigrún Þórarinsdóttir
Umbrot og hönnun / Kristín Þóra Guðbjartsdóttir
Hljóðritun / RÚV
Útgefandi / Menningarmiðstöðin Gerðuberg 2014

Samantekt er í samræmi við það sem fram kom á Ritþinginu
og túlkar sjónarmið þeirra sem þar töluðu.



Menningarmiðstöðin Gerðuberg